



Dalabyggð

Auðarskóli

Ábyrgð - Ánægja - Árangur

Lausnamiðun
Sveigjanleiki
Endurmenntun
Fjölbreyttar-kennsluaðferðir
Samrekinn-skóli
Ut anumhald
Skólinn-lítill
Mötuneyti
Aldursbil-Kennara
Eineltisteymi-virkt
Aðgengi-Fólk-Auðvelt
Foreldrasamstarf
Samvinna
Vibragðstími-Stuttur
Teymisvinna
Starfsandi
Fámenni
Samheldni
Úakvæðni

MAT Á STARFSÁÆTLUN AUÐARSKÓLA

2024-2025

INNGANGUR

Hér á eftir fer mat á starfsáætlun skólaársins sem liðið er. Hver kafli er settur fram eins og hann birtist í starfsáætlun skólans 2024-2025. Í lok hvers kafla kemur fram hvernig viðkomandi liður gekk, hvort áætlanir hafi gengið eftir og hvað má gera betur næst. Reitirnir eru litamerktir með grænum, ljósgrænum, gulum og rauðum.

A	Gekk eftir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir
B	Gekk að mestu eftir. Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
C	Gekk ekki nógu vel. Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
D	Gekk alls ekki upp. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Hver skóli skal birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar er almenn stefnumörkun birt í skólanámskrá og hins vegar eru upplýsingar, sem eru breytilegar frá ári til árs, birtar í árlegri starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólanámskrár og starfsáætlunar og skal semja þær í samráði við kennara skólans og annað starfsfólk sem með því móti hafa skuldbundið sig til að framfylgja þeim. Í skólaráði skal fjalla um skólanámskrá og árlega starfsáætlun skóla. Skólanefnd staðfestir gildistöku þeirra þegar ljóst er að þær hafa verið unnar í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, skólastefnu, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Í starfsáætlun kemur fram hvernig þeim 180 skóladögum, sem skóli hefur til ráðstöfunar, er varið. Í áætluninni er skóladagatal birt en þar sést hvenær kennsla hefst að hausti og hvenær henni lýkur að vori. Í árlegri starfsáætlun er, m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaeyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, skólaþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfsfólk skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald

hvers skólaárs. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Skv. 29. gr. laga um grunnskóla er skólastjóri ábyrgur fyrir útfærslu ákvæða um starfsáætlun og einnig fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera fræðslunefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Mat á starfsáætlun er formlegt mat skólastjórnenda og gæðaráðs á starfi skólans líkt og gert er grein fyrir í starfsáætlun og er opinbert skjal, birt á heimasíðu skólans. Mat á starfsáætlun er kynnt starfsfólki skólans, skólaráði og fræðslunefnd.

EFNISYFIRLIT

1. GRUNNUPPLÝSINGAR	4
2. SKÓLAREGLUR.....	20
3. STÖÐÞJÓNUSTA	23
4. MAT Á SKÓLASTARFI OG SKÓLAÞRÓUN.....	28
5. FORELDRASAMSTARF.....	31
6. STEFNUR OG ÁÆTLANIR.....	33
7. GRUNNSKÓLI.....	34
8. LEIKSKÓLI	46
9. SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA	48
10. TÓNLISTARSKÓLI	49

1. GRUNNUPPLÝSINGAR

UM AUÐARSKÓLA

Auðarskóli hefur verið starfræktur frá 1. ágúst 2009, en þá voru allar skólastofnanir í sveitarfélaginu Dalabyggð sameinaðar. Undir Auðarskóla falla eftirtaldar þrjár deildir: Leikskóli, tónlistarskóli og grunnskóli. Skólinn er sameiginlegur skóli og er staðsettur í Búðardal sem er eini þéttbýliskjarni sveitarfélagsins. Starfsemi skólans byggist á lögum um leik- og grunnskóla sem tóku gildi 1. júlí 2008, en þar er kveðið á um heimild sveitarfélaga til að reka saman leik-, grunn- og/eða tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra.

Deildirnar starfa í þremur aðskildum húsum. Húsnæði leikskólans var byggt 2009 og þar fer öll starfsemi leikskóladeildar fram. Nemendur grunnskólans eru í húsnæði fyrrum grunnskóla Búðardals sem byggt var á árunum 1975 til 1983. Tónlistarskólinn er staðsettur í Félagsheimilinu Dalabúð sem er staðsett mitt á milli grunn- og leikskólans. Félagsmiðstöðin Gildran er skv. skipuriti starfrækt undir Auðarskóla.

Nafnið Auðarskóli var ákveðið í kjölfar nafnasamkeppni sumarið 2009. Skólinn heitir í höfuðið á landnámsmanninum Auði djúpúðgu, sem var kristin, einstæð móðir og nam stóran hluta Dalasýslu.

Skólinn er deildaskiptur í yngsta stig, miðstig og unglingastig. Hann er einsetinn og hefst skólastarf kl. 8:30 alla virka daga. Skólahúsið er opnað klukkan 8:00 á morgnana. Boðið er upp á morgunmat og hádegismat í matsal skólans og geta allir nemendur og starfsmenn nýtt sér það. Að kennslu lokinni gefst nemendum á yngsta stigi, 1. – 3. bekk kostur á frístundar viðveru í Kátadal.

SKRIFSTOFA SKÓLANS

Skrifstofa skólans er staðsett í grunnskólanum, neðri hluta.

Skrifstofan er opin á skólatíma:

Á mánudögum til fimmtudaga frá kl. 8-15:30

Á föstudögum frá kl. 8-12.10

Aðalsímanúmer Auðarskóla er: 430-4757 (skiptiborð)

Netfang skrifstofu er: ritari@audarskoli.is

Önnur símanúmer:

- Aðstoðarleikskólastjóri: 430 4711
- Tröllaklettur: 430 4712
- Dvergahlíð: 430 4713
- Mötuneyti: 430 4710
- Tónlistarskóli: 430 4756

Skólaritari sér um sí mavörslu og kemur fjarvistartilkynningum til kennara. Ritari skólans er Málfríður Mjöll Finnsdóttir.

Netföng starfsmanna er að finna á vef skólans: <https://audarskoli.is/um-skolann/starfsfolk/>

A

Verklag gekk eftir. Netföng starfsfólks til staðar. Aðgengi að ritara gott. Símamál leikskólans í endurskoðun. Laga þarf tengingar í switsa og routera í leikskóla.

HEIMASÍÐA

Heimasíða skólans er audarskoli.is og þar má finna helstu upplýsingar um starf skólans. Fréttir, viðburðir og annað sem kemur skólasamfélaginu við. Umsjónarmenn heimasíðu eru skólastjóri, deildarstjóri grunnskólans, aðstoðarleikskólastjóri og skólaritari.

B	Gekk að mestu eftir. Helstu upplýsingar er að finna. Tækifæri eru til að einfalda heimasíðu. Skólanámskrá skólastiga eru í vinnslu og munu birtast á heimasíðunni. Betri leiðbeiningar til foreldra er mikilvægt að skoða og fá foreldra í samvinnu til að gera heimasíðuna enn betri. Gera þarf betur grein fyrir stoðþjónustu og farsæld barna á heimasíðunni. Þarf að gera í samvinnu við umsjónarmenn heimasíðu sveitarfélagsins.
---	---

SÝN OG MARKMIÐ AUÐARSKÓLA

Auðarskóli vinnur á grunni eftirfarandi gilda og stefnumiða:

- Að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi og samfélagi.
- Að skapa jákvætt andrúmsloft og vellíðan allra nemenda og starfsmanna.
- Að efla sjálfstraust, frumkvæði, sjálfstæða lífssýn og ábyrgð nemenda.
 - Að glæða þekkingaleit og stuðla að fjölbreyttu og skapandi starfi.
 - Að allir séu metnir að verðleikum og njóti skilnings og öryggis.
 - Að veita því athygli sem vel er gert með umbun og hrósi.
 - Að miða nám og mat á forsendum hvers og eins.
 - Að byggja upp nán tengsl skóla, foreldra og samfélags.

Í Auðarskóla er nemandinn í öndvegi og lögð er á það áhersla að jafnt nemendur sem starfsmenn eigi góð og gefandi samskipti. Markvisst er unnið að því að auka félagsfærni nemenda, þrautseigju, sjálfstæði og eigin getu. Víðfemt starfsumhverfi skólans krefst sveigjanlegra vinnubragða sem einkennast af víðsýni, samvinnu og umburðarlyndi. Í skólanum eiga allir að finna fyrir velvild og hlýju og vita að þar er skjól og stuðning að finna. Í námsumhverfinu er lögð áhersla á námsaga og sjálfsaga nemenda, góða umgengni og jákvæð samskipti.

Gildi Auðarskóla eru **ÁBYRGÐ, ÁNÆGJA OG ÁRANGUR** og skal skólabragurinn einkennast af þessum gildum.

SKÓLADAGUR NEMENDA GRUNNSKÓLANS

Grunnskólinn opnar kl. 8.00 og kennsla hefst alla daga **kl. 8.30**. Ath.! Breytingar hafa verið gerðar á stundatöflu og taka þær gildi á fyrsta skóladegi ársins. Breytingar varða tímasetningu matartíma og lengd frímínútna. Breytingin hefur áhrif á skólalok á mánudögum og föstudögum. Skóladegi nemenda lýkur á skólaárinu sem hér segir:

Á mánudögum kl. **14.10,-** á þriðjudögum og til fimmtudaga kl. 15.10 (óbreytt) og á föstudögum kl. **12.10**.

Nemendur sem nýta skólabíla koma í skólann á bilinu 8.15 til 8.25 og fara heim þegar skóladegi lýkur.

Morgunmatur verður framreiddur á sama tíma fyrir alla nemendur: Milli kl. **8:30-9:10**

Hádegisverður verður framreiddur á sama tíma fyrir alla nemendur: Milli kl. **12.10-12.50**

Frímínútur eru að öðru leyti frá:

kl. 10.30-10.50 og **kl. 14.10-14.30**.

Hver kennslustund er 40 mínútur.

Að skóladegi loknum geta foreldrar barna á yngsta stigi sótt um að börn þeirra nýti lengda viðveru-KÁTADAL. Lengd viðvera er starfrækt í húsakynnum leikskólans frá kl. 14.10 til 16:30 á mánudögum, frá kl. 15.10 til 16.30 á þriðjudögum til fimmtudaga og frá kl. 12.10 til 14:00 á föstudögum.

Nemendur úr dreifbýli stunda tónlistarnám sitt á skólatíma, aðrir nemendur geta bæði verið á og utan skólatíma. Nánar má sjá tilhögun í stundatöflum frá tónlistarkennurum.

A

Gekk eftir. Skóladagar fóru eftir skipulagi og lýsingu.

SKÓLADAGUR BARNA LEIKSKÓLANS

Foreldrar leikskólabarna geta valið vistunartíma fyrir börnin sín á tímabilinu 7.45 til 16.30. Milli kl. 7.45 og 8.00 er móttaka fyrir börn sem nýta sér náðarkorter á undan vistunartíma. Morgunverður er framborinn á milli kl. 8.00 og 8.45. Ávaxtahressing er um miðjan morgun. Útivist allra leikskólabarna fer almennt fram fyrir hádegi á milli kl. 10.00 og 11.10. Hádegismatur er borinn fram á milli kl. 11.10 og kl. 12.00. Yngstu börnin sofa eftir hádegismat á meðan eldri börnin fást við margskonar viðfangsefni. Útivist fer einnig fram eftir hádegi upp úr kl.13.00. Síðdegishressing er framreidd kl. 14.20. Leikskólabörn sem nýta sér skólabíla ljúka deginum kl. **14.10** á mánudögum, kl. 15.00 á þriðjudögum til fimmtudaga, en kl. **12.10** á föstudögum. Leikskólinn er opinn til kl. 16.30 frá mánudögum til fimmtudaga, á föstudögum til kl. **14.00**.

Sjá dagskipulag deildanna [hér](#).

A

Gekk eftir. Skóladagar fóru eftir skipulagi og lýsingu.

SKÓLADAGATAL

Samkvæmt skóladagatali eru kennsludagar grunnskólanemenda í Auðarskóla eru 180. Dagar þar sem verulega er brugðið frá lengd skóladags grunnskólans skólaárið eru 2024-2025 eru alls sex. Þeir dagar eru skólasetningardagur, tveir foreldrasamtalsdagar, árshátíðardagur, kaffihúsakvöldið og skólaslitadagur, skíðaferðir, utanlandsferðir elsta stigs og vorferðalög yngsta og miðstigs. Kennsla fellur niður í jólaleyfi grunnskólanemenda sem er frá og með 21. desember til og með 3. janúar. Önnur leyfi grunnskólabarna eru; vetrarfrí á haustönn frá 4. til 8. nóvember, vetrarfrí í febrúar þann 10. og páskaeyfi er frá og með 12. apríl til og með 21. apríl.

Skipulagsdagar (starfsdagar) grunnskólans á starfstíma eru fimm; 18. september, 7. október, 2. janúar, 11. febrúar og 28. maí.

Vorhátíð og skólaslit grunnskólabarna eru 2. júní 2025.

Leikskólinn starfar allt árið um kring að undanskildum fimm vikna sumarfrisdögum. Önnur frí falla undir lögbundna frídaga. Leikskólinn opnar 8. ágúst eftir sumarfrí og síðasti opnunardagur á skólaárinu er 1. júlí 2025.

Skipulagsdagar leikskólans á skólaárinu eru sex; 7. ágúst, 19. ágúst, 7. október, 2. janúar, 11. febrúar, 3. júní. Leikskólinn er lokaður á lögbundnum fríðögum og einnig fyrir hádegi á aðfangadag og gamlársgang. Einnig er leikskólinn lokaður á Þorláksmessu, milli jóla- og nýárs og miðvikudaginn fyrir skírdag: 23. desember, 27. desember, 30. desember og 16. apríl.

Sameiginlegir skipulagsdagar allra deilda á starfstíma grunnskólans er 2. janúar. Sameiginlegir skipulagsdagar utan starfstíma grunnskólans eru: 19. ágúst og 3. júní.

Tónlistarskólinn starfar á skólatíma grunnskólans.

Skóladagatal grunnskólans sjá [hér](#).

Leikskóladagatal sjá [hér](#).

A

Gekk eftir. Farið eftir skipulagi skóladagatals bæði á leik- og grunn.

Loka þurfti skólans einn dag á skólaárinu vegna óveðurs 6. febrúar, rauð veðurviðvörðun. Hnika þurfti til dagsetningum tónleika tónlistarskólans miðað við skóladagatal. Skoða þarf dagsetningar tónleika miðað við skipulag grunnskóladagatals fyrir næsta ár og taka mið af skipulagi kennsludaga í tónlistarskólanum. Fer eftir hvort að tónlistarkennari fái til starfa.

NEMENDAFJÖLDI

Á skólaárinu 2024 - 2025 verða um 95 nemendur í Auðarskóla og skiptist það í 70 nemendur í grunnskóla og 23 í leikskóla.

1. bekkur	5
2. bekkur	2
3. bekkur	7
4. bekkur	5
5. bekkur	9
6. bekkur	9
7. bekkur	11
8. bekkur	7
9. bekkur	6
10. bekkur	9
	70
Leikskóli:	23

A

Nemendafjöldi hélst nánast óbreyttur á skólaárinu. Tveir nýir nemendur bættust við í grunnskólanum í febrúar. Barnafjöldi jókst í leikskólanum og í lok skólaársins voru börnin orðin 28 talsins.

Á næsta skólaári er gert ráð fyrir 68 nemendum í grunnskólanum og 24 börnum í byrjun ágúst leikskólanum.

Nemendur í tónlistarskólanum voru 27 talsins á skólaárinu.

STARFSMENN

STJÓRNUN

Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri	Skólastjóri
Arndís Anna Jakobsdóttir	Aðstoðarleikskólastjóri
Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir	Deildarstjóri grunnskóla

LEIKSKÓLADEILD

Alessandra Emanuella	Leiðbeinandi leikskóla
Anna Sophia Kotschew	Háskólamenntaður starfsmaður BA.
Bergþóra Hólm Jóhannsdóttir	Háskólamenntaður starfsmaður BA-í leyfi
Íris Dröfn Brynjólfssdóttir	Leiðbeinandi leikskóla
Jóhanna Lind Brynjólfssdóttir	Háskólamenntaður starfsmaður B.Ed.
Jóna María Gísladóttir	Leiðbeinandi leikskóla
Kristrún Jónsdóttir	Leiðbeinandi leikskóla
Marina Alekandersdóttir	Skólaliði-Starfsmaður Kátadals
Renata Fáberová	Háskólamenntaður starfsmaður BS.
Stefanía Anna Vilhjálmsdóttir	Leiðbeinandi leikskóla-í leyfi

A	Tveir nýir starfsmenn bættust í hóp leikskólastarfsfólks á seinni hluta skólaársins. Nokkuð var um forföll starfsfólks yfir skólaárið. Stöku sinnum þurfti að senda born heim vegan starfsmannaeklu. Huga þarf að mönnunarpörf fyrir næsta skólaár. Skólastjóri mun vinna í samráði við stjórnslu/fræðslunefnd. Stöðugildi leikskólans 2024-2025: Stöðugildi háskólamenntaðs leikskólastarfsfólks: 2,84 Stöðugildi leiðbeinanda: 4 til 4,5 Stöðugildi skólaliða: 0,81
---	---

GRUNNSKÓLADEILD

Atli Freyr Guðmundsson	Leiðbeinandi með umsjón
Christine Sarah Arndt	Leiðbeinandi
Bergþóra Jónsdóttir	Verkefnastjóri sérkennslu
Einar Jón Geirsson	Grunnskólakennari
Ernir Freyr Sigurðsson	Leiðbeinandi með umsjón
Fanney Þóra Gísladóttir	Starfsmaður í skóla með stuðning
Jón Egill Jónsson	Íþrótta- og tómstundafulltrúi
Katrín Kristjánsdóttir	Umsjónarkennari
Linda Traustadóttir	Grunnskólakennari textíl- og heimilisfræði
Maria Ylfa Lebedeva	Proskapjálfi
María Hrönn Kristjánsdóttir	Grunnskólakennari myndlist
Málfríður Mjöll Finnsdóttir	Ritari
Ólöf Halla Bjarnadóttir	Grunnskólakennari tónmennt
Ragnheiður Helga Bæringsdóttir	Háskólamenntaður B.Ed. leik og grunnskóla

Sara Kristinsdóttir	Starfsmaður í skóla með stuðning
Sindri Geir Sigurðsson	Húsvörður
Sólrún Ýr Guðbjartsdóttir,	Umsjónakennari
Sunneva Hlín Skúladóttir	Stuðningsfulltrúi
Svanhvít Lilja Viðarsdóttir	Umsjónakennari
Sædís Birna Sæmundsdóttir	Starfsmaður í skóla með stuðning

A	Nokkuð var um forföll starfsfólks yfir skólaárið. Forfallastarfsfólk tók að sér kennslu yfir lengri og styttri tímabil. Huga þarf að mönnunarpörf fyrir næsta skólaár. Skólastjóri mun vinna í samráði við stjórnarsýslu/fræðslunefnd. Mið verður tekið af barnafjölda, hópafjölda á hverju stigi og kennsluskipulagi næsta árs. Stöðugildi á skólaárinu 2024-2025 Stöðugildi kennara: 10,30 Stöðugildi skólaliða: 1 Stöðugildi stuðningsfulltrúa/starfsmanna í stuðning: Fyrir 1. nóv: 3,76. Eftir 1. nóv: 3,9 Proskapjálfi lauk störfum í lok október. 1 stöðugildi. Stöðugildi ritara skólans: Fyrir 1. nóv 2024: 0,83. Eftir 1. nóv: 0,92
---	---

TÓNLISTARDEILD

Ólafur Einar Rúnarsson	Tónlistarkennari
Sigurbjörg Kristínardóttir	Tónlistarkennari

A	Stöðuhlutfall tónlistarkennara á skólaárinu: 1,22. Framboð kennslu og hljóðfæra fer eftir tónlistarkennurum hverju sinni. Ekki er hægt að ganga að því vísu frá ári til árs að framboð hljóðfæra sé það sama. Auglýst hefur verið eftir tónlistarkennara fyrir næsta skólaár.
---	--

LENGD VIÐVERA - KÁTIDALUR

Marina Aleksandersdóttir

A	Stöðugildi frístundaleiðbeinanda: 0,19.
---	---

SKÓLAHJÚKRUN

Pórunn Björk Einarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur

SÍMENNTUNARSTEFNA AUÐARSKÓLA

Símenntunarstefnu skólans má sjá í heild sinni á heimasíðu skólans. Samkvæmt henni er áætlun unnin sameiginlega af stjórnendum og starfsfólki um símenntun starfsfólks á hverju skólaári. Á heimasíðunni eru upplýsingar um markmið, hlutverk og mismunandi form símenntunar. <https://audarskoli.dalir.is/audarskoli/stefnur-og-aaetlanir/endurmenntun/>

Skólinn stendur fyrir fræðslufundum, námskeiðum og skólaheimsóknunum eftir áherslum í skólastarfinu. Foreldrafélag Auðarskóla og skólinn starfa saman og velja í samvinnu fræðslufundi og námskeið sem styðja skólastarfið í átt að betri gæðum skólaumhverfis.

Allir starfsmenn eru hvattir til að sýna frumkvæði um að sækja námskeið og ráðstefnur sem þeir telja að nýtist þeim í starfi, bæði innanlands og utan. Áfram er unnið að þróun kennsluhátta í grunnskólanum með samþættingu námsgreina og leiðsagnarnáms að leiðarljósi. Unnið er að þróun og aðlögun námsmats í skólanum út frá hæfniviðmiðum og matsviðmiðum í hverjum árgangi. Símenntun og starfsþróun verður uppfærð í lok skólaársins 2024-2025.


SÍMENNTUN OG STARFSÞRÓUN STARFSMANNA 2024-2025

Heiti	Dags	Fyrir hverja	Umsjón
Skyndihjálp	Ágúst 2024	Allt starfsfólk Auðarskóla	Rauði krossinn-Pórunn B. Skólahjúkrunarfræðingur
Einhverfa	Ágúst 2024	Allt starfsfólk grunnskóla	Einhverfusamtökin
Námsvísar, leiðsagnarnám, leiðsagnarmat. Þróun kennsluhátta.	Frá ágúst 2024 til júní 2025	Allt starfsfólk grunnskóla	Stjórnendur - Ásgarður skólaþjónusta
Samvinna og samskipti með börnum	Ágúst 2024	Allt starfsfólk Auðarskóla	Ásgarður skólaþjónusta-Erla Björk Sveinbjörnsdóttir
Námstefna skólastjórafélags Íslands	Október 2025	Skólastjóri	Skólastjórafélag Ísland
Námskeið fyrir skólastjórndur	Október 2024/Mars 2025	Deildarstjóri grunnskóla	Skólastjórafélag Ísland
MT-Leikskólakennarafræði	2024-2025	Háskólamenntaður starfsmaður-Leikskóli	HÍ

A	Á undirbúningsdögum í ágúst var áhersla lögð á endurmenntun og starfsþróun alls starfsfólks í Auðarskóla. Skyndihjálp er skyldunámskeið alls starfsfólks og er það haldið annað hvert ár. Einnig var lögð áhersla á námskeið sem styður starfsfólk í starfsþróun varðandi kennslu og stoðþjónustu við nemendur.
---	---

Skipurit fyrir Auðarskóla í Dalabyggð

Uppfært 4. desember 2023



SKÓLARÁÐ

Í Auðarskóla er sameiginlegt skólaráð fyrir leik- og grunnskóla. Lögum skv. skal starfa skólaráð í grunnskóla (lög nr. 91/2008, 8. gr.) og við leikskóla skal starfa foreldraráð (lög nr. 90/2008, 11. gr.). Í samreknum leik- og grunnskóla er heimilt að hafa sameiginlegt skólaráð/foreldraráð (lög nr. 91/2008, 45. gr.).

Hlutverk skólaráðs er að fjalla um skólanámskrá skólans, starfsáætlun, rekstaráætlun og fleiri áætlanir sem lúta að starfsemi skólans. Einnig að fylgjast með öryggi, aðbúnaði og velferð nemenda. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endaleg ákvörðun um þær er tekin.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Í skólaráði Auðarskóla eru fulltrúar foreldra, nemenda, kennara og starfsmanna.

Upplýsingar um störf skólaráðs Auðarskóla ásamt fundargerðum má finna [hér](#).

Á aðalfundi foreldrafélagsins sem halda skal í upphafi hvers skólaárs skal kjósa fulltrúa í skólaráð sbr.

5. gr. reglna foreldrafélags Auðarskóla:

Á aðalfundi skal kjósa tvo fulltrúa í skólaráð til tveggja ára og skal annar þeirra eiga barn í leikskóla.

Einnig skal á aðalfundi kjósa til tveggja ára fulltrúa í fræðslunefnd sveitarfélagsins og annan til vara.

Skólaárið 2024 til 2025 verður breyting á skólaráði. Kjósa þarf inn tvo nýja fulltrúa foreldra á aðalfundi foreldrafélagsins. Einnig þarf að kjósa einn kennara úr grunnskóla og starfsmann leikskólans í skólaráð.

Skólaráð Auðarskóla 2024-2025

Herdís Erna Gunnarsdóttir, skólastjóri

Alexandra Agla Jónsdóttir 10. bekk, fulltrúi nemenda

Þórarinn Páll Þórarinsson 10. bekk, fulltrúi nemenda

Ragnheiður Helga Bæringsdóttir fulltrúi kennara og ritari

Jóhanna Lind Brynjólfssdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla

Íris Dröfn Brynjólfssdóttir fulltrúi annarra starfsmanna

Stefanía Anna Vilhjálmsdóttir, fulltrúi foreldra leikskólabarna

Guðrún Erna Magnúsdóttir, fulltrúi nærsamfélags

A

Skólaráð starfaði og fundaði eftir áætlun og skipulögðum fundardögum

SKÓLAAKSTUR

Skólabíllaleiðir í Dalabyggð eru alls sjö. Ekið er samkvæmt skóladagatali grunnskólans. Heimferð skólabíla er mismunandi eftir dögum: Á mánudögum er heimferð kl. 14.15, þriðjudaga til fimmtudaga kl. 15.15 og á föstudögum kl. 12.15. Á heimasíðu skólans eru nánari upplýsingar um skólaakstur Auðarskóla, sjá [hér](#). Skólabílstjórar og foreldrar fá handbók skólaaksturs í upphafi hvers skólaárs. Nánar má lesa um reglur skólaaksturs í Dalabyggð [hér](#).

A	Skipulag skólaaksturs gekk eftir. Enginn skólaakstur 6. febrúar og skóli lokaður.
---	---

MÖTUNEYTI

Vínlandssetur ehf. rekur skólamötuneytið. Mötuneyti grunnskóladeildar er í Dalabúð og þangað fara nemendur og starfsmenn til að matast. Vegna breytinga á stundatöflu haustið 2024 verða matmálstímar í grunnskóla á eftirfarandi tímum: Morgunmatur milli kl. 8:30 og 9:10 og hádegismatur milli kl. 12:10 og 12:50. Mælt er til þess að hálfu skólans að allir grunnskólanemendur séu í morgunmat og hádegismat. Þeir nemendur sem kjósa að koma með nesti að heiman borða það í mötuneytinu.

Leikskóli: Í leikskólanum er morgunmatur kl. 08.00, hádegismatur kl. 11.15 í síðasta lagi og síðdegishressing kl. 14.20. Matast er inni á deildum skólans. Hádegismaturinn kemur frá skólamötuneytinu.

Matseðlar birtast mánaðarlega inni á heimasíðu skólans ásamt fyrirkomulagi matartíma sem sjá má [hér](#).

A	Skipulag mötuneytis gekk eftir. Matseðlar stóðust. Meta þarf matseðla út frá nýjum viðmiðum Landlæknisembættis.
---	---

GÆSLA OG KÁTIDALUR

GÆSLA

Gæsla til skólaloka er úrræði fyrir nemendur á yngsta stigi sem eru með færri kennslustundir en 37 á viku og fyrir nemendur á yngsta og miðstigi sem þurfa að bíða eftir skólabíl eftir að kennslu þeirra lýkur. Gæslan, sem er gjaldfrjál, er fyrir öll börn í 1.–4. bekk á skólasvæði Auðarskóla og einnig fyrir börn í 5. –7. bekk sem eru í skólaakstri. Börn á miðstigi sem búa í Búðardal mega fara heim þegar skóladegi þeirra lýkur. Um er að ræða gæslu í allt frá 240 mínútum á viku hjá yngsta stigi niður í 40 mínútur hjá miðstigi. Stuðningsfulltrúar og skólaliðar grunnskólans annast gæsluna og er afar mikilvægt að láta starfsfólk vita ef nemandi er ekki í gæslu tiltekna daga. Hringja skal í aðalnúmer skólans 430-4757.

KÁTIDALUR

Frístund er í boði fyrir nemendur á yngsta stigi, eftir að skóla lýkur. Dvöl í Kátadal er valkostur sem foreldrar/forráðamenn geta sótt um og greiða sérstaklega fyrir. Staðsetning Kátadals er í Fjallasal leikskólans. Umsjónarmaður Kátadals skólaárið 2024-2025 er Marina Aleksandersdóttir. Mikilvægt er að láta ritara vita ef barn sækir ekki lengda viðveru og skal þá hringt í aðalanúmer skólans 430-4757. Starfstími Kátadals miðast við nemendadaga og því er lokað á frídögum, starfsdögum og foreldrasamstalsdögum. Þetta á einnig við um skerta daga grunnskóladagatala.

Kátidalur er í boði á mánudögum frá kl. 14.10, á þriðjudögum til fimmtudaga frá kl. 15:00 og frá kl. 12:10 á föstudögum. Á föstudögum er Kátidalur starfandi til kl. 14:00.

Hægt er að velja um tvo brottfarartíma: Kl. 16:00 og 16:30 á mánudögum og til fimmtudaga. Aðeins er hægt að skrá nemendur í Kátadal annaðhvort í fjóra eða fimm daga vikunnar. Ekki er endurgreitt vegna fjarvista eða veikinda nema þau vari samfelldt í viku eða lengur. Innheimt verður fyrir mánuð í senn. Í Kátadal fá börn kaffitíma daglega og hádegismat á föstudögum.

A	Gekk eftir. Kátidalur er starfandi alla daga grunnskólans. Samræma þarf upplýsingar í starfsáætlun, inni á heimasíðu og á umsóknareyðublaði lengda viðveru. Þær eru ekki samhljóma.
---	--

SAMSTARF VIÐ GRENNARSAMFÉLAGIÐ

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN

Hlutverk félagsmiðstöðvarinnar *Gildrunnar* er að bjóða börnum og unglingum á aldrinum 10 til 16 ára upp á frístundastarf þar sem aðstaða er til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi. Auk þess hefur félagsmiðstöðvarstarf forvarnargildi ásamt uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri og þroska. Öll börn og ungmenni á aldrinum 10 til 16 eru velkomin og hvött til þátttöku í starfi félagsmiðstöðvar og er aðsetur félagsmiðstöðvar er í efri byggingu grunnskólans.

Félagsmiðstöð miðstigs er mánudaga klukkan **14:30-16:00**

Félagsmiðstöð fyrir elsta stig er fimmtudaga frá **15:10-17:00**

Þann 3. október 2024 var tekin ákvörðun um að loka félagsmiðstöðinni tímabundið. Ákvörðun var tekin í ljósi breytinga Dalabyggðar á skipulagi íþróttar-, æskulýðs- og tómstundastarfs í Dalabyggð. Starf íþróttar- og tómstundafulltrúa var lagt niður og tekin ákvörðun um að ráða til sveitarfélagsins lýðsheilsufulltrúa. Áætlað er að hann taki við störfum félagsmiðstöðvar.

Gert er ráð fyrir félagsmiðstöðvarráði í starfi félagsmiðstöðvar þar sem öllum nemendum í 8.- 10. bekk er gefinn kostur á að taka sæti í ráðinu. Upplýsingar um félagsmiðstöðvarráð birtast þegar félagsmiðstöðvarstarf fer aftur í gang. Dagskrá félagsmiðstöðvar er birt á heimasíðu Auðarskóla og á facebook síðunni: Íþróttir og tómstundir í Dalabyggð.

Félagsmiðstöðin opnar aftur eftir hlé 19. mars 2025:

Félagsmiðstöð miðstigs er miðvikudaga klukkan **14:30-17:00**

Félagsmiðstöð fyrir elsta stig er fimmtudaga frá **15:10-17:00**

A

Gekk eftir. Félagsmiðstöð opnaði aftur eftir nokkra mánaða hlé. .

UNGMENNARÁÐ DALABYGGÐAR

Auðarskóli starfar með ungmennaráði Dalabyggðar. Hlutverk ungmennaráðs er m.a.

- Að veita sveitarstjórn ráðgjöf um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu.
- Að gæta hagsmuna ungs fólks, koma skoðunum þeirra og tillögum til skila.
- Að veita ungu fólki fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að efla tengsl ungmenna í sveitarfélaginu og auka tengsl þeirra við stjórnkerfi sveitarfélagsins.

Stjórn ungmennaráðs skipa fjórir fulltrúar; formaður, varaformaður, ritari og varamaður. Ungmennaráð er skipað til tveggja ára í senn og skipað er í helming sæta árlega. Í ungmennaráði geta orðið allir þeir sem eiga lögheimili í Dalabyggð og eru á aldrinum 14 til 20 ára. Á síðasta skólaári 2023-2024 sátu í ráðinu: Í ungmennaráði hafa setið í vetur: Kristín Ólína Guðbjartsdóttir (formaður), Baldur Valbergsson, Matthías Hálfán Ostenfeld Hjaltason og Alexandra Agla Jónsdóttir.

Starf ungmennaráðs var kynnt nemendum í Auðarskóla í september 2024. Síðasti dagur til að skila inn umsóknum til setu í ungmennaráð var 26. september. Skipað verður í tvö sæti fyrir þetta starfsár. Auglýsing Dalabyggðar vegna setu í ungmennaráði má sjá [hér](#).

A

Gekk eftir.

TÓNLISTARSKÓLI

Tónlistarskólinn tekur þátt í félagsstarfi Auðarskóla. Tónlistarkennarar hafa tekið að sér þjálfun hljómsveita fyrir SamVest og Samfestinginn ef nemendur taka þátt. Einnig taka tónlistarkennarar þátt í þjálfun nemenda í tónlistarflutningi fyrir Kaffihúsakvöldið og árshátíð skólans.

A

Gekk eftir. Við bættist skammtilegt verkefni í apríl þegar tónlistarnemendur heimsóttu stofnanir og fyrirtæki og spiluðu fyrir gesti og gangandi.

ÍPRÓTTAFÉLAGIÐ UNDRÍ

Íþróttafélagið Undri býður upp á fjölbreytta hreyfingu fyrir börn að skóladegi loknum.

Íþróttafélagið Undri var stofnað 24. ágúst 2021. Tilgangur Íþróttafélagsins Undra er að auka og efla íþróttaiðkun barna og ungmenna í sveitarfélaginu. Markmið Íþróttafélagsins er að stuðla að auknum áhuga á líkamsrækt, hvers konar hreyfingu og heilbrigðu lífni með það að leiðarljósi að stuðla að auknum þroska og framfara fyrir einstaklinga að ná framförum á þeirra áhugasviði. Með starfinu er lögð áhersla á forvarnir og vill félagið leggja sitt af mörkum til að vinna gegn notkun tóbaks og annarra hugbreytandi efna.

Dagskrá Undra er birt á [facebook](#) síðu félagsins.

A	Gekk eftir.
---	-------------

GLÍMUFÉLAG DALAMANNA

Glímufélagið býður upp á glímuæfingar í Dalabúð um helgar í vetur. Æfingátímar eru auglýstir á facebook síðu íþrótta- og tómstunda í Dalabyggð.

Æfingátímar skólaárið 2024-2024:

Þriðjudagar kl. Yngri hópur kl. 14:30-15:10, eldri hópur kl. 15:10-15:50

A	Gekk eftir.
---	-------------

VINNUSKÓLI DALABYGGÐAR

Öll ungmenni á aldrinum 13 til 17 ára með lögheimili í Dalabyggð geta sótt um í Vinnuskóla Dalabyggðar. Vinnuskólinn hefur aðsetur í Tónlistarskóla Auðarskóla, Dalabyggð.

A	Gekk eftir.
---	-------------

SLYSAVARNADEILD DALASÝSLU

Slysavarnadeild Dalasýslu og Auðarskóli starfa saman að fræðslu um slysavarnir. Á hverju ári koma félagar úr Slysavarnadeildinni í leikskólann og halda fræðslu fyrir börn varðandi hjól og hjólabúnað. Einnig standa félagar Slysavarnadeildar fyrir könnun í samstarfi við Samgöngustofu á „Öryggi barna í bíl“ þar sem kannað er notkun öryggisbúnaðar barna í bíl og notkun bílstjóra á beltum. Niðurstöður könnunar eru að finna á heimasíðu Auðarskóla. Félagar Dalabyggðar hafa einnig gefið skólanum ýmsar gjafir og styrkt skólastarfið t.d. með veggspjöldum um öryggisatriði og reiðhjólahlálma fyrir 1. bekk.

A	Gekk eftir. Heimsókn í maí Félagið gaf börnum hjálma og endurskinsmerki. Einnig gaf félagið leikskólanum útileiktæki.
---	---

FYRIRTÆKI OG STOFNANIR

Hefð er fyrir því að börn og nemendur í Auðarskóla heimsæki fyrirtæki og stofnanir í Búðardal á öskudegi hvert ár. Börnum eru þar gefnar gjafir af ýmsu tagi að launum fyrir söng. Nemendur elsta stigs standa fyrir happdrætti á kaffihúsakvöldi og á páskum og njóta þá m.a. velvilja ýmissa fyrirtækja í Dalabyggð. Nemendur á ýmsum aldri hafa einnig farið í vettfangsferðir í stofnanir og fyrirtæki á skólatíma.

A

Gekk eftir. Góð þátttaka á öskudegi hjá fyrirtækjum og stofnunum í Dalabyggð

HEILSUGÆSLAN

Á árlegum Bangsadegi leikskólans mega börnin koma með uppáhalds bangsann sinn í leikskólann. Þá fara börnin í heimsókn á heilsugæsluna og hitta skólahjúkrunarfræðing. Hjúkrunarfræðingurinn skoðar bangsana, hjúkrar þeim og veitir veikum eða slösuðum böngsum aðhlynningu og góð bata-ráð.

C

Gekk að einhverju leiti upp. Ekki reyndist unnt fyrir hjúkrunarfræðing að koma í leikskólann en leikskólinn hélt bangsadag og fóru á heilsugæsluna í staðinn.

RÆKTARSALUR ÓLA PÁ

Auðarskóli nýtir ræktarsal Óla Pá til íþróttakennslu á þriðjudögum kl 13:30- 15:10

A

Gekk eftir.

DVALARHEIMILIÐ SILFURTÚN

Auðarskóli er með samning við dvalarheimilið þar sem fram kemur hvernig samskiptum skuli háttað. Þar er kveðið á um að allar deildir skólans heimsæki heimilið reglulega. Dæmi um slíkt er að nemendur á miðstigi fara og spila félagsvist, nemendur grunnskólans í tónlistarnámi mæta til þess að spila og syngja fyrir eldri borgara. Þá heimsækir leikskólinn heimilið mánaðarlega. Samstarf Silfurtúns og Auðarskóla hefur legið niðri vegna heimsfaraldurs sl. ár. Á skólaárinu er stefnt að taka aftur upp heimsóknir nemenda á Silfurtún.

C

Gekk ekki nógu vel. Leikskólinn náði ekki að fara eins oft og var á dagskrá vegna manneklu. Skipulag ábótavant hjá stjórnendum Silfurtúns. Starfsfólk oft ekki undibúið né upplýst um að nemendur skólans væru að koma í heimsókn.

SKÓGRÆKT Í BÚÐARDAL

Auðarskóli hefur til umráða nokkurt svæði fyrir austan þorpið í Búðardal til þess að planta trjám. Það eru nemendur á miðstigi sem standa þar í gróðursetningu einu sinni á ári. Heimsóknir til fyrirtækja og stofnana. Á vegum Auðarskóla er reglulega farið í heimsóknir út í nærsamfélagið. Einnig fær skólinn reglulega heimsóknir frá aðilum samfélagsins, sem koma og fræða um eitt og annað.

Ekki sinnt í ár. Ekki forgangsmatið eins og er.

STUÐNINGUR FÉLAGASAMTAKA

Félög í samfélagi Dalanna styrkja mjög reglulega hina ýmsu starfssemi skólans. Leik- , grunn- og tónlistarskóli ásamt foreldrafélagi skólans hafa fengið góðar gjafir undanfarin ár. Dæmi um félög sem styrkja skólann eru: Kvenfélagið Fjólan, Kvenfélagið Þorgerður Egilsdóttir, Lionsklúbburinn í Búðardal og Félag Sauðfjárbænda og Slysavarnadeild Dalasýslu.

A

Foreldrafélagið styrkti nemendur til ýmsa verkefna í ár og einnig voru keypt inn leikföng og annað til að styttu nemendum stundir í frímínútum. Stjórn foreldrafélagsins stóð sig með þrýði og átti gott og mikilvægt samstarf við stjórnendur skólans. Það skiptir miklu máli fyrir skólastarfið að hægt sé að viðhalda virka samtalinu og halda áfram að byggja upp gott og sterkt foreldrafélag. Það gerir skólann betri 😊

2. SKÓLAREGLUR

Skólareglur Auðarskóla eru unnar í samræmi við lög um grunnskóla (nr. 91/2008, 30. grein) og reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Þar er kveðið á um að grunnskólar skuli setja skólareglur með skýrum viðbrögðum við brotum þar sem úrræði og viðbrögð taki mið af persónuþroska og hæfni nemenda og stuðli sem best að jákvæðri hegðun.

Hafið er ferli breytinga á skólareglum Auðarskóla. Starfsmenn grunnskólans hafa nú þegar lagt til tillögur að breytingum og eru fyrstu drög tilbúin. Áfram verður haldið eftir áramót og þá munu fleiri hópar innan skólasamfélagsins rýna í skólareglurnar og koma með breytingatillögur, athugasemdir og ábendingar.

SKÓLAREGLUR AUÐARSKÓLA

Ath! Skólareglur eru í endurskoðun og munu taka breytingum haustið 2024.

Skólareglur Auðarskóla gilda fyrir alla aðila sem að skólastarfinu koma og allsstaðar þar sem þeir eru á vegum skólans.

Námið. Við mætum stundvíslega, vel undirbúin með þau gögn sem nota skal. Við skulum vinna eins vel og við getum.

Samskipti. Skólinn er vinnustaður okkar allra, hver nemandi og starfsmaður á rétt á því að fá frið við leik og störf. Samskipti skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu og vinsemd.

Heilbrigði. Við tileinkum okkur hollar lífsvenjur. Notkun sælgætis og gosdrykkja er óheimil á skólatíma, nema í undantekningartilvikum með leyfi skólastjóra. Notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð, undir það falla t.d. rafrettur.

Skólalóðin. Nemendur yfirgefa ekki skólalóðina á skólatíma án leyfis. Við göngum um skólalóðina okkar af virðingu. Nemendur eru á ábyrgð foreldra utan skólalóðar bæði í og úr skóla nema um skólaakstur sé að ræða.

Ábyrgð. Við berum ábyrgð á eigin framkomu og munum að skólinn ber ekki ábyrgð á persónulegum verðmætum, sem komið er með í skólann. Óheimilt er að koma með í skólann þau tæki og tól sem geta valdið skaða.

Umgengni. Góð umgengni er í hávegum höfð í Auðarskóla. Við göngum vel um skólann og berum virðingu fyrir eigum hans og hvers annars. Við röðum skóm, göngum frá útifatnaði og hirðum vel um námsbækur og önnur gögn.

Ferðir. Í ferðalögum og á skemmtunum skólans eru allar reglur skólans í fullu gildi, nema annað sé tekið fram.

A

Skólareglur í gildi. Nýjar reglur í vinnslu. Stefnt að því að nýjar skólareglur verði teknar í notkun í upphafi næsta skólaárs. Þá verða allir hagsmunahópar búnir að fá þær undir hendur og taka þátt við gerð þeirra.

VERKREGLUR VARÐANDI EINSTAKA SKÓLAREGLU

Varðandi einstakar skólareglur geta viðurlög verið mismunandi og skal ávallt leitast við að viðurlög komi nemanda að sem mestu gagni við að bæta hegðun sína.

Námið: Mikilvægt er að nemandi sinni náminu af kostgæfni og er mæting og ástundun stór þáttur í því. Ef að mæting og ástundun er ábótavant er nemandi gefinn kostur á því að bæta þar úr. Undirritaður er sérstakur samningur vegna þessa.

Samskipti: Í skólanum eru starfsmenn í verkstjórnarhlutverki og verða nemendur að hlíta tilmælum þeirra í hvívetna. Ef samskipti nemenda á milli eða milli nemenda og starfsfólks brjóta reglur um almenna virðingu í samskiptum er brugðist við samkvæmt almennum starfsreglum.

Heilbrigði: Ef nemandi verður uppvís að reykingum, neyslu eða sölu áfengis eða annarra vímuefna þarf viðkomandi að sækja fræðslu um vímuvarnir. Einnig má nemandinn eiga von á því að vera vísað úr skóla það sem eftir lifir skóladags eða lengur eftir atvikum. Gosdrykkir og sætindi eru gerð upptæk hjá nemanda á skólatíma, nema fyrir liggi sérstakt leyfi frá skólanum.

Skólalóðin: Nemendur á yngsta og miðstigi hafa ekki leyfi til að yfirgefa skólalóð nema skilaboð um það komi frá foreldrum/forráðamönnum. Ef það gerist eru foreldrar/forráðamenn látnir vita. Eldri nemendur þurfa ávallt að hafa leyfi skólans til að fara af skólalóð á skólatíma. Notkun reiðhjóla, línuskauta, hlaupahjóla og hjólabretta á skólalóð er bönnuð á starfstíma skólans vegna slysaþættu.

Ábyrgð: Nemendur bera ábyrgð á þeim verðmætum sem þeir kjósa að koma með í skólann og skólinn bætir ekki tjón á þeim verðmætum. Ef komið er með vopn, eggjárn, skotelda og aðra hluti sem skaða geta valdið er slíkt gert upptækt, foreldrum og eftir atvikum lögreglu gert viðvart og viðkomandi getur átt á hættu að vera rekinn úr skóla það sem eftir lifir skóladags eða lengur eftir atvikum.

Umgengni: Ef nemandi er uppvís að slæmri umgengni eða sóðaskap þarf hann að þrifa eftir sig. Nemendur skulu ávallt ganga frá útifatnaði og skóm í andyrum skólans. Ef nemandi veldur viljandi eða með hirðuleysi skemmdum á eignum skólans eða annarra má hann búast við því að þurfa að bæta skaðann.

Ferðir: Skólareglur gilda í skólabílum og öllum ferðalögum á vegum skólans. Gerist nemandi sekur um alvarlegt brot á reglum skólans eða landslögum hvar sem hann er staddur á vegum verður hann, í samráði við skólastjóra, sendur heim á kostnað forráðamanna sinna. Annað starfsfólk, skólabílstjórar og eftir atvikum aðrir kennarar komi upplýsingum um brot til umsjónarkennara svo þeir geti skráð brotið hjá sér. Við alvarleg og ítrekuð brot á skólareglum getur þurft að grípa til tímabundinnar brottvísunar úr skóla, brottvísunar úr einstökum greinum eða brottvísunar um lengri tíma meðan leitað er úrlausnar mála. Um brottvísun úr einstökum greinum eða brottvísunar í lengri tíma en nemur einum skóladegi gilda ákvæði stjórnarsýslulaga. Þar sem viðbrögð við brotum á agareglum eru samvinnuverkefni foreldra/forráðamanna og skóla væntir Auðarskóli þess að foreldrar/forráðamenn

verði í góðu samstarfi með að framfylgja skólareglum og viðurlögum við þeim. Við meðferð agabrota er varða landslög er lögreglu og félagsmálayfirvöldum gert viðvart eftir atvikum.

A

Gekk eftir. Helst til að viðurlögum sé ekki beitt nægilega oft að mati sumra. Markmiðið er að hvetja frekar til góðra verka og höfða til skynsemi og jákvæðs skólabrags frekar en að beita boðum og bönnum.

BEKKJARSÁTTMÁLAR

Eitt af haustverkunum í öllum bekkjum er að vinna bekkjarsáttmála. Sáttmálinn á að snúast um framkomu og samskipti. Þá á hver og einn að hugsa um hvernig framkomu á að sýna öðrum í bekknum, hvernig viljum við láta koma fram við okkur, hvernig er góður bekkjarandi? Lífsgildin eru höfð að leiðarljósi og bekkurinn kemst að sameiginlegri niðurstöðu um mikilvægustu lífsgildi bekkjarins. Þegar lífsgildin eru orðin ljós hefst vinna að útfærslu bekkjarsáttmálans.

Bekkjarsáttmála má sjá nánar [hér](#).

A

Gekk eftir. Allir nemendahópar settu sér bekkjarreglur. Bekkjarreglur nýttar til að leiðbeina nemendum í átt að góðum bekkjaranda og jákvæðum skólabrag.

3. STÖÐPJÓNUSTA

Dalabyggð er með samning við Ásgarð - íslensk skólaráðgjöf. Faglegur stuðningur ráðgjafa Ásgarðs við skólastjórnendur, kennara, foreldra og annað starfsfólks felst fyrst og fremst í stuðningi, aðstoð við framkvæmd, finna lausnir og rjúfa einangrun. Skólastjórnendur eru ávallt framkvæmdastjórar sinna stofnana og nýta sér eftir aðstæðum þá sérfræðiráðgjöf sem hentar best hverju sinni.

LAUSNATEYMI

Á skólaárinu 2023-2024 var innleitt svokallað CR fundarskipulag-Collaborative Response. Módelið kallast collaborative response á ensku en hefur fengið ýmsar þýðingar á íslensku allt eftir sveitarfélögum. Auðarskóli kallar þetta verklag *Lausnateymisfundir* um málefni nemenda. Skipulagið miðar að árangursríku samráði þar sem fókusinn er færður frá nemandanum að ákveðnum áskorunum sem aðrir nemendur eru líka að kljást við. Starfsfólks skólans hefur útbúið lausnabanka sem unnin eftir þeirra hugmyndum um lausnir sem þau nýta sér til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda sinna. Fyrir hvern námshóp er eitt lausnateymi. Í teyminum sitja umsjónarkennarar, faggreinakennarar, sérkennarar, stuðningsfulltrúar og stjórnandi.

1. Módelið er aðlagð að hverjum skóla fyrir sig og byggir á þeirri þekkingu og reynslu sem er í skólanum.
2. Fundir eru skipulagðir í þaula og hver og einn sem er viðstaddur hefur hlutverki að gegna.
3. Gengið er úr frá því að hegðun, námsáskoranir og líðan eins nemanda sé ekki bara hans, heldur séu aðrir sem græði á umræðu um hann.
4. Styrkleikar nemenda eru settir í forgrunn til að hægt sé að finna út hvort eða hvernig hægt er að nýta þá til að byggja upp það sem þarf að skoða.
5. Kennarar mæta vel undirbúnir á fundina og markmið fundanna eru alltaf skýr fyrirfram

Fyrst og fremst snýst þetta um fundarskipulag sem hefur sýnt sig að skila ótrúlegum árangri þar sem það er notað.

Á lausnateymisfundum er rætt um:

- Félagslega stöðu nemenda og/eða líðan
- Lestur og lesskilning eða annað tengt læsi
- Skilningur á stærðfræði s.s. talnaskilning
- Hegðunarvandia (oft lagast hann ef að hitt þrennt er skoðað fyrst)

Lausnateymi er jafningjastuðningur við kennara og hlutverk þess er að veita ráðgjöf vegna hegðunar-, samskipta- og eða námserfiðleika nemenda. Teymið vinnur sameiginlega að því að finna lausn við vanda nemenda og koma með tillögur að lausn mála. Í lausnateymum er áætlun gerð um næstu skref og lagðar fram hugmyndir af lausnum sem mögulegt væri hægt að nota. Kennari ákveður hvað hann ætlar að prófa af hugmyndunum og metur svo ávinning aðferðarinnar fyrir sinn nemanda síðar. Umsjónarkennari eða lausnateymi vísar þeim málum til nemendaverndarráðs sem ekki hefur tekist að leysa.

Markmið teymisins eru:

- meta þarfir nemenda með hliðsjón af upplýsingum um þá
- leita viðeigandi lausna
- veita starfsfólki stuðning og ráðgjöf

A	Gekk eftir. Skipulag og fundadagskrá Lausnateymanna náði að haldast nokkuð vel. Fundargerðir skráðar. Starfsfólki ber að kynna sér niðurstöður og fylgja þeim eftir í samráði.
---	--

NEMENDARVERNDARRÁÐ

Við skólann starfar nemendaverndarráð. Í reglugerð 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemenda og nemendaverndarráð í grunnskólum segir að skólastjóri grunnskóla samræmi innan hvers grunnskóla og leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðiþjónustu, náms- og starfsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs skv. 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Jafnframt skal skólastjóri stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra nemenda eða nemendahópa eftir því sem þurfa þykir.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Í nemendaverndarráði sitja skólastjóri, skólasálfræðingur, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri sérkennslu. Aðrir aðilar eru kallaðir inn eftir þörfum. Ráðið fer yfir og metur umsóknir um stoðþjónustu og kemur erindum í farveg sem leiðir til lausna. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa. Fundað er að jafnaði á mánaðarfresti þegar skólasálfræðingur kemur til vinnu. Ábyrgðaraðili er skólastjóri.

A	Gekk eftir.
---	-------------

SÉRKENNSLA

Meginmarkmið með sérkennslu er að stuðla að alhliða þroska nemenda, bæði andlegum og líkamlegum. Leitast er við að ná þessu markmiði með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi. Sérkennsla getur falið í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og kennsluaðferðum. Hún er skipulögð í lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans, jafnvel alla skólagöngu hans. Sérkennsla einstakra nemenda eða hópa fer fram innan eða utan almennra bekkjardeilda.

Gerðar eru námsáætlanir fyrir alla nemendur sem eru með greindan námsvanda. Áætlanirnar eru gerðar í upphafi skólaárs. Kennarar sem annast sérkennslu bera ábyrgð á gerð námsáætlana í samráði við umsýsluarkennara og ræða þær við foreldra í fyrra foreldraviðtali vetrarins.

Einstaklingsnámskrá er námsáætlun fyrir einstakling þar sem markmiðin eru fyrst og fremst sniðin að þörfum hans en taka þó mið af markmiðum árgangsins. Einstaklingsnámskrá getur falið í sér námsáætlun í mörgum námsgreinum fyrir sama einstakling eða einungis áætlun í einni grein. Þegar um mikil frávik frá skólanámskrá er að ræða koma sérkennari, umsjónarkennari og foreldrar að gerð slíkra áætlana í upphafi hvers skólaárs. Sérkennari sér um að útfæra áætlunina og bera hana undir samþykki foreldra. Þá eru haldnir fundir reglulega þar sem farið er yfir gang mála í námi og líðan nemandans og gerðar tillögur að áherslubreytingum.

A	Gekk eftir. Sérkennarar sinna sérkennslu og skipulagi í samráði við umsjónarkennara. Sérkennarar eru virkir þátttakendur í lausnateymum skólans og eru hluti af virku neti stoðþjónustu nemenda.
---	--

SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA

Skólasálfræðingur Auðarskóla kemur reglulega til starfa í skólanum. Mál er varða þroska og hegðun heyra undir hans sérfræði. Sálfræðiþjónusta (greining og ráðgjöf) gagnvart einstökum nemendum er gerð í kjölfar beiðni, sem þarf að gera á þar til gerðu eyðublaði sem fæst í skólanum. Forráðamenn barna, starfsmenn leik- og grunnskóla, félagsþjónustu og heilsugæslu geta átt frumkvæði að athugun og greiningu á einstökum nemendum. Beiðnir fara í gegnum deildarstjóra leikskóla og/eða stjórnendur skólans.

Vinnudagar sálfræðings haustið 2024 eru: 16. september, 16. október, 13. nóvember og 11. desember.

Vinnudagar sálfræðings vorið 2025: 22. janúar, 19. febrúar, 19. mars, 2. apríl, 23. apríl og 14. maí.

A	Gekk eftir. Sálfræðingur er hluti nemendaverndar. Hann sinnir skimunum og greiningum nemenda. Hann leiðbeinir nemendum, foreldrum og starfsfólki og leggur til góð næstu skref í málefnum barna.
---	--

TALMEINAFRÆÐINGUR

Mál er varða málþroska og framburð eru hluti stoðþjónustu. Foreldrar eða skóli leggja inn beiðni til verkefnastjóra sérkennara um þjónustu á greiningu talmeina. Beiðnir fara í gegnum deildarstjóra leikskóla og/eða stjórnendur skólans. Í þeim tilfellum þegar nemandi þarfnast talþjálfunar eru foreldrar upplýstir um talmeinafræðing og er foreldrum bent á þátttöku Sjúkratrygginga Íslands í kostnaði vegna slíkrar þjálfunar. Fyrirtækið Trappa ehf. hefur verið í samvinnu við skólann þegar kemur að talþjálfun og er boðið upp á fjarþjálfun.

C	Gekk eftir að mestu leyti. Nokkrir nemendur eru á lista sem þurfa að fá aukna þjónustu. Skólinn vill gera enn betur til að bæta þjónustu við nemendur sem þurfa á talmeinafræðingi að halda. Skólinn nýtir vel þá Tröpputíma sem nemendum stendur til boða.
---	---

GREININGAR Á NÁMSÖRÐUGLEIKUM

Verkefnastjóri sérkennslu ásamt sálfræðingi sinna sérkennsluráðgjöf og greina námsvanda auk þess að veita ráðgjöf til skóla og heimil varðandi nám og kennslu. Beiðnir um greiningu fara í gegnum umsjónarkennara og sérkennara skólans. Sérkennari sinnir fyrstu lestrar- og stærðfræðigreiningum í skólanum.

A	Gekk eftir.
---	-------------

LAUSNALEIT

Frá árinu 2016 hefur verið unnið með verkefnið „Lausnaleit“ í Auðarskóla. Þar er unnið með einstaklingsmiðaðar stuðningsáætlanir byggðar á virknimati sem er lausnamiðað ferli til að takast á við fjölþættan vanda, þ.e. náms- og hegðunarlegum hjá nemendum. Þessi vinna byggir á atferlisgreiningu. Námskeið var haldið í október 2023 til að kenna nýjum starfsmönnum markmið og tilgang lausnaleitar, virknimatssem og verkferla og skerpa á þessu verkfæri fyrir aðra starfsmenn. Lausnaleit er hluti stoðþjónustu og er einn margra annarra úrræða sem lausnateymi geta nýtt sér til að styðja við áskoranir nemenda.

A	Gekk eftir.
---	-------------

HEILSUGÆSLA

Heilsugæsla skólabarna er framhald af ung- og smábarnavernd og hluti af heilsugæslunni. Skólaheilsugæslan leitast við að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Skólahjúkrunarfræðingur vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda. Farið er með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál. Skólahjúkrunarfræðingur Auðarskóla er Þórunn Björk Einarsdóttir. Netfang: thorunn.einarsdottir@hve.is

REGLUBUNDNAR SKOÐANIR OG BÓLUSETNINGAR

Heilsufarsskoðanir fara fram í 1., 4., 7. og 9. bekk. Skoðunin felur í sér sjónpróf, hæðar- og þyngdarmælingu auk fræðslu og viðtals um lífsstíl og líðan. Bólusetningar eru í 7. og 9. bekk.

7. b.: Mislingar, rauðir hundar og hettusótt (ein sprauta) og HPV gegn leghálskrabbameini hjá stelpum (2 sprautur á 6 mánuðum).

9. b.: Mænusótt, barnaveiki, stífkrampi og kíghósti (ein sprauta). Nemendur í öðrum árgöngum eru skoðaðir ef ástæða þykir til. Ef líkur eru á að barnið sé ekki að fullu bólusett þá eru foreldrar hvattir til að hafa samband við skólaheilsugæsluna.

Dagsetningar komudaga skólahjúkrunarfræðings í skólann eru: 29. október. Bólusetningar 7.b og 9.b ásamt viðtölum við nemendur bekkjanna. Einnig viðtöl við nemendur 4. bekkjar.

Skólahjúkrunarfræðingur sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu í öllum bekkjum skólans. Aðaláherslan er á 6H heilsunnar en hugmyndafræðin byggir á því að hugsa vel um heilsuna og fyrirbyggja þannig sjúkdóma. 6H heilsunnar eru: Hreyfing, hvíld, hamingja, hreinlæti, hugrekki og hollusta. Skólahjúkrunarfræðingur sinnir einnig kynfræðslu í efri bekkjum skólans þar sem farið er yfir kynþroskann, kynheilbrigði, kynsjúkdóma, getnaðarvarnir ofl. Börn og foreldrar geta leitað eftir ráðgjöf og stuðning skólahjúkrunarfræðings hvenær sem þurfa þykir yfir skólaárið.

A

Gekk eftir.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Skólinn hefur í samráði við Ásgarð skólaráðgjöf fengið aðgang að náms- og starfsráðgjafa sem fundar með nemendum skólans og færir þeim ýmsa fræðslu sem þau eiga rétt á eins og kynningu á framhaldsnámi að loknum grunnskóla, eflingu námstækni og fleira. Þetta samstarf hófst á vorönn 2025 en verður skipulagt nánar og verður víðtækara næstu ár. Öll fræðsla og fundir fara fram á netinu.

A

Gekk eftir. Námsráðgjafi veitti nemendum 10.bekkjar nemendum samtöl í maí mánuði.

4. MAT Á SKÓLASTARFI OG SKÓLAÞRÓUN

Um mat á skólastarfi grunn- og leikskóla er kveðið á í lögum (lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um leikskóla nr. 90/2008). Samkvæmt lögnum er matinu ætlað eftirfarandi hlutverk:

- A. Veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.
- B. Tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár skóla.
- C. Auka gæði náms og stuðla að umbótum.
- D. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu samkvæmt lögum.

Mat á skólastarfi í leik- og grunnskóla er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og kallast innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá grunnskóla. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efli skólaþróun. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum. Megináhersla er lögð á sjálfsmat skóla en jafnframt ber Menntamálaráðuneytinu að sjá til þess að fram fari ytra mat á starfsemi einstakra skóla eða á einstökum þáttum skólastarfs og jafnframt að úttekt sé gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla.

INNRA MAT

Innra mat á starfsemi skólanna er í höndum gæðaráðs. Ráðið sér til þess að gæði séu tryggð í skólastarfinu og að markmiðum menntayfirvalda og sveitarfélagsins sé mætt og eru mælanleg í starfi skólanna. Unnið er eftir ákveðnum gæðastöðlum sem eru leiðarljós teymisins.

Viðmiðin taka til innra mats á ýmsum þáttum skólastarfsins eins og námi og kennslu, stjórnun og framkvæmd innra mats. Veturinn 2023-2024 var mest áhersla lögð á síðasta þáttinn. Veturinn 2024-2025 er höfuðáhersla á stjórnun sem felur í sér m.a. samvirkni í stefnumótun, faglegt samstarf og samræða, tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu, vinnulag, verklagsreglur og áætlanir, starfsmannastjórnun og verkaskipting, leiðtogahefni stjórnenda og starfsfólks og framtíðarsýn og þróun skólastarfsins. Skólaárið 2025-2026 er sérstök áhersla á að meta gæði náms og kennslu m.a. með því að uppfæra skólanámskrá og auka aðgengi nemenda og foreldra að námslegri stöðu nemenda, festa í sessi kennsluhætti með áherslu á agastefnu, bekkjarstjórnun, námsmatsstefnu og þróa áfram fjölbreytta kennsluhætti og námsmat. Þó að þessir þættir fái sérstaka athygli á hverju tímabili, eru atriði úr hinum tveimur sem fléttast inn í starf gæðaráðsins hverju sinni. Þegar búið er að meta alla þætti, verður skólinn kominn með góða mynd af gæðum skólastarfsins og getur þróað áfram gæðastarf skólans.

Helsta gagnaöflun skólans í innra mati eru viðhorfskannanir sem ná til allra hagsmunaaðila er tengjast starfsemi skólans. Á hverjum vetri eru lagðar spurningakannanir fyrir foreldra, starfsfólk og nemendur samkvæmt matsáætlun. Auðarskóli er formlegur þátttakandi í Skólapúlsinum. Skólapúlsinn er sjálfsmatskerfi sem skólar nota til að bæta skólastarf sitt og þróa í átt að betri gæðum. Skólapúlsinn hefur þróað og hannað samræmda spurningalista eða spurningakannanir frá árinu 2008 og er Auðarskóli nú hluti þess. Sjálfsmatskerfi Skólapúlsins er formlegt matstæki og veitir stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er um ýmsa þætti skólastarfsins.

Í gegnum þátttöku í Skólapúlsinum fær skólinn gögn til að skilgreina einstaka þætti starfsins og vinna að áframhaldandi þróun með endurmati. Einn af kostum Skólapúlsins er m.a. að hægt verður að bera skólastarf Auðarskóla saman við aðra skóla í landinu. Val á spurningakvörðum tekur mið af íslenskum aðstæðum og er þar m.a. byggt á nýjum upplýsingum sem fengist hafa með PISA rannsóknunum á Íslandi. Einnig verða aðrar kannanir sendar út frá skólanum sjálfum en þær koma þá til með að einblína á afmarkaða þætti skólastarfsins.

Skýrsla innra mats skólaárið 2023-2024 og umbótaáætlun 2024-2025 má finna [hér](#).

Langtímaáætlun innra mats og ársáætlun innra mats 2024-2025 má sjá [hér](#).

Mat á starfsáætlun 2023-2024 má finna [hér](#).

B	Gekk eftir að mestu. Formfesta þarf verklag gæðaráðs og vinna þarf betur eftir matsáætlunum skólans.
---	--

GÆÐARÁÐ

Gæðaráð Auðarskóla um innra mat var stofnað í upphafi skólaárs 2024-2025. Hlutverk þess er að halda utan um innra mat í skólanum. Markmið með innra mati er að leggja raunhæft mat á skólastarfið með því að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Gæðaráði er ætla að meta markmið og leiðir skólastarfsins reglulega. Matið veitir upplýsingar um styrkleika í starfi skólans og það sem betur má fara. Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats eru umbætur síðan skilgreindar og skipulagðar. Gæðaráð vinnur eftir gæðaviðmiðum menntastefnunnar og sinnir innra mati með reglubundnum hætti til að tryggja stöðuga umbótavinnu.

Gæðaráð Auðarskóla er skipað fimm aðilum:

Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri

Arndís Anna Jakobsdóttir aðstoðarleikskólastjóri

Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir deildarstjóri grunnskóla fulltrúi kennara og kennslu

Anna Sophia Kotschew fulltrúi leikskólastarfsfólks

Anna Sigríður Grétarsdóttir fulltrúi grunnskólabarna

Steinþór Logi Arnarsson fulltrúi foreldra leikskólabarna

Gæðaráðinu er ætlað að funda eftirfarandi daga skv. fundadagskrá: 1. október, 12. nóvember, 7. janúar, 4. febrúar, 4. mars, 8. apríl og 6. maí.

Í lok hvers skólaárs leggur gæðaráð fram skýrslu um innra mat skólans.

Um innra mat grunn- og leikskóla er kveðið á í lögum (lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um leikskóla nr. 90/2008). Samkvæmt lögnum er matinu ætlað eftirfarandi hlutverk:

- Veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.
- Tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár skóla.
- Auka gæði náms og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu samkvæmt lögum.

Innra mat á að leiða af sér aukin gæði skólastarfs og betri námsárangur. Það snýst fyrst og fremst um að bæta nám og velferð nemenda, námsárangur og námsaðstæður með markvissri skólaþróun og starfsþróun kennara og annarra starfsmanna. Tilgangur innra mats er því að kanna hvort markmiðum skólans hafi verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Það á við nám og námsárangur, eflingu fagmennsku starfsfólks og yfirsýn skólasamfélagsins á gæðum og árangri starfsins.

Allar skýrslur um innra mat er að finna á heimsíðu Auðarskóla sjá [hér](#).

Gæðaráð skólaárið 2024-2025:

Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri

Arndís Anna Jakobsdóttir aðstoðarleiksskólastjóri

Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir deildarstjóri

Anna Sigríður Grétarsdóttir fulltrúi foreldra grunnskóla nemenda

Steinþór Logi Arnarsson fulltrúi foreldra leikskóla barna

Anna Kotchew fulltrúi leikskólastarfsmanna

B	Gekk eftir að mestu. Gæðaviðmið skólans voru sett á heimasíðu skólans í marsmánuði. Upplýsingarnar voru flokkaðar og gerðar sýnilegri á síðunni. Langtímaáætlun var birt, ársáætlun birt. Skýrsla innra mats frá árinu 2023-2024 birt. Gæðaráð fundaði skipulega skv. fundadagskrá. Gera þarf starfsáætlun ráðsins að vori og vinna markvissara eftir henni. Töluverðum tíma var eytt í fræðslu á innra mati til ráðsins. Ný vinnubrögð og verklag kallar á þjálfun fulltrú sem í ráði sitja. Mikilvægt að gæðaráð fái tíma og svigrúm til að sinna innra mati. Ákveðin viðmið og leiðbeiningar um innra mat sem skólum er ætlað að uppfylla í mati sínu eru gefin út á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.
---	---

5. FORELDRASAMSTARF

Niðurstöður rannsókna sýna að stuðningur foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfi skiptir miklu máli fyrir námsárangur barna og líðan. Velferð nemenda verður því best tryggð í góðu samstarfi foreldra og skóla. Markmiðið með foreldrasamstarfi er að tryggja hagsmuni nemenda með upplýsingamiðlun og samráði foreldra og skóla.

MIÐLUN UPPLÝSINGA TIL FORELDRA

Mikil samskipti fara fram á milli foreldra og skóla með rafrænum hætti. Karellen og Mentor eru upplýsingaveitur skólans til foreldra, á leikskólastigi Karellen og á grunnskólastigi Mentor. Upplýsingar fara til foreldra með tölvupósti og/eða símtölum. Vikulokabréf eru send af umsjónarkennurum í lok hverrar viku af starfi hvers grunnskólastigs. Ástundun er send út aðra hverja viku til foreldra. Fréttir, viðburðir og tilkynningar eru einnig birtar á vef skólans og foreldrar hvattir til að fylgjast vel með

B	Gekk að mestu eftir. Komið núna facebook hópur fyrir leikskólann og fréttabréf 1x í mánuði.
---	---

FORELDRAFUNDIR OG FORELDRASAMTÖL

Í september fara fram foreldrafundir. Hvert stig heldur sinn fund þar sem foreldrar koma saman með deildarstjóra eða umsjónarkennara og fara yfir áætlanir vetrarins og fl. sem lítur að skólastarfinu. Á þessum fundum eru bekkjatenglar foreldrafélagsins kosnir. Foreldrasamtöl eru tvisvar sinnum yfir skólaárið. Foreldrar barna grunnskólans koma með börnum sínum til samtals hjá umsjónarkennara og fara yfir námsframvindu nemenda. Á skólaárinu 2024-2025 verða foreldrasamtöl grunn- og leikskóla samkeyrð 8. október og 12. febrúar. Gert er ráð fyrir að í tónlistarskólanum fari fram a.m.k. eitt foreldrasamtal á hverju skólaári fyrir hvern nemanda.

A	Gekk eftir.
---	-------------

FORELDRAFÉLAGIÐ

Í Auðarskóla er sameiginlegt foreldrafélag fyrir leik- og grunnskóla. Hlutverk félagsins er að styðja skólastarfið og efla samstarf heimila og skóla þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun og velferð nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Aðalfundur félagsins er haldinn að vori ár hvert með hefðbundinni aðalfundardagskrá. Upplýsingar um fulltrúa, starfsáætlun og fundargerðir foreldrafélagsins verður að finna á heimasíðu skólans.

Stjórn foreldrafélags Auðarskóla skólaárið 2024-2025

Stefanía Björg Jónsdóttir formaður foreldrafélags Auðarskóla
Sara Kristinsdóttir, gjaldkeri
Hafrún Ösp Gísladóttir meðstjórnandi
Stefanía Anna Vilhjálmsdóttir meðstjórnendur
Sigríður Fjóra Mikælsdóttir meðstjórnandi

Bekkjartenglar skólaárið 2024-2025

Foreldrar leikskólabarna Anna Pálína Jónsdóttir

Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir 1.-3.b	Svanhvít Lilja Viðarsdóttir 1.-3.b
Jóhanna Lind Brynjólfssdóttir 4.b	Ragnheiður Pálsdóttir 5.b
Linda Guðmundsdóttir 6.b	Berghildur Pálmadóttir 7.b
Rakel Magnea Hansdóttir 8.-10.b	Pórey B. Þórisdóttir 8.-10.b

B

Mjög virkt og flott stjórn foreldrafélagsins sem stóðu fyrir góðu starfi í vetur. Viljum sjá meiri þátttöku og frumkvæði hjá bekkjartenglum á næsta ári 😊

6. STEFNUR OG ÁÆTLANIR

Áætlanir skólans eru yfirfarnar og endurskoðaðar í upphafi skólaárs og eins oft og þurfa þykir. Öryggisáætlanir og aðrar áætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

RÝMINGARÁÆTLUN

Rýmingaráætlanir eru til staðar fyrir leik- og grunnskóla voru uppfærðar 23. ágúst 2024, sjá hér:

<https://audarskoli.is/audarskoli/stefnur-og-aaetlanir/rymingaraaetlanir/>

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓVEÐRI OG ÓFÆRÐ

Áætlun um viðbrögð við óveðri og ófærð má lesa á heimasíðu skólans, sjá hér:

<https://audarskoli.dalir.is/audarskoli/stefnur-og-aaetlanir/oryggisaaetlanir/vedur-og-ofaerd/>

MÓTTAKA NEMENDA

Auðarskóli leggur áherslu á að nýir nemendur og foreldrar fái hlýjar móttökur þegar komið er í skólann. Móttökuáætlun nýrra nemenda er að finna á heimasíðu Auðarskóla.

<https://audarskoli.dalir.is/audarskoli/stodkerfi/mottaka-nemenda/>

C

Áætlanir gengu eftir, komin tími til að endurskoða einhverjar af þeim og bæta við stefnum sem ekki nú þegar eru til staðar. Búið er að setja fram áætlun um endurskoðun stefna.

ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI 2024-2025

Í Auðarskóla starfa nemendur og starfsfólk saman undir einkunnarorðunum ábyrgð, ánægja, árangur. Skólastarfið byggir á þessum orðum sem fela í sér sjálfstæði, að standa með sjálfum sér og sinni vegferð og lífsleikni í sínum víða skilningi. Í Auðarskóla á öllum að líða vel og velferð nemenda og starfsfólks er ávallt höfð í fyrirrúmi sem endurspeglast í góðum starfsanda í öllu skólastarfinu.

Auðarskóli er eins og aðrir skólar á Íslandi í dag, eitt stórt lærdómssamfélag þar sem rík áhersla er lögð á símenntun starfsfólks og um leið aukna fagmennsku og framsækið skólastarf sem er í sífelldri þróun. Þróunarverkefni af ýmsu tagi eru stór þáttur í innra starfi skólans, jafnt hjá starfsfólki og nemendum.

Áherslur skólaársins verður áfram innleiðingarvinna á leiðsagnarnámi og kennslu. Á fundi starfsmanna síðasta vor voru sett niður fjögur áherslu atriði sem starfsmenn ætla að einblína á .

- Skýr námsmarkmið
- Upphaf og endir kennslustunda
- Námsveggir
- Endurgjöf

Skólaþjónusta Ásgarðs er okkur innan handar í þessari vinnu og veitir starfsmönnum leiðsögn. Áfram er einnig lögð áhersla á vaxtarhugarfar, markmiðasetningu nemenda og samþættingu námsgreina með þjálfun nemenda í lykilhæfni aðalnámskrár í forgrunni.

Í Auðarskóla notum við mikið samþættingu námsgreina og fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir til að mæta betur þörfum hvers og eins nemanda. Einnig er lögð mikil áhersla á tjáningu, framkomu og framsögn sem eykur sjálfstraust, öryggi og styrkir sjálfsmynd nemenda. Viðburðir eins og kaffihúsakvöld, árshátíð, bekkjarkvöld og foreldraviðburðir efla þessa færni til muna hjá nemendum. Þessir viðburðir eru hluti af ríkum hefðum sem móta skólastarfið í Auðarskóla. Markmið hefðanna er meðal annars að skapa skólanum sérstöðu, viðhalda siðum, efla samskipti nemenda og samkennd, sjálfstraust þeirra og virðingu hver fyrir öðrum. Samfélagið allt, fyrirtæki og stofnanir hér í Dalabyggð sýna skólastarfinu velvilja og styðja við viðburði sem skólinn stendur fyrir.

B

Áherslur tókust að mestu og var náðist góður árangur við vinnu á þessum áherslum með aðstoð og ráðgjöf frá starfsmanni skólaþjónustu Ásgarðs. Innleiðing á þessum áherslum tekur tíma og getur tekið allt að fimm árum þar til við getum sagt að innleiðingu sé lokið. Áfram verður unnið með þessa þætti á næsta ári og verður einnig bætt í en mikilvægt er að gleyma ekki því sem hefur verið lagt inn hingað til. Þetta er langhlaup.

TILHÖGUN KENNSLU GRUNNSKÓLANEMENDA

Kennsluáætlanir, námsáætlanir og stundaskrár nemenda eru aðgengilegar á Mentor, þar sem nemendur og foreldrar geta fylgst með skipulagi náms og kennslu. Að auki nýtur skólinn námsumsjónarkerfið Askinn (askurinn.learncove.com) þar sem hver nemandi hefur sinn aðgang. Þar eru verkefni sett fram með skýrum hæfniviðmiðum og viðmiðum um árangur. Þannig verður námsferlið nemendum gagnsætt og markvisst. Foreldrar geta fylgst með stöðu námsmats og verkefnavinnu í gegnum foreldra aðgang sem allir foreldrar skólans hafa fengið eða fengið boð um að sækja um.

Sem hluti af innleiðingu Leiðsagnarnáms og áherslu skólans á samþættingu námsgreina, er kennsla skipulögð með það að leiðarljósi að virkja nemendur í eigin námi og efla ábyrgð þeirra á eigin námsferli. Kennarar nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir og leggja áherslu á sýnileg markmið, virkni í tímum og notkun námsfélaga. Námsveggir, verkdagbækur (nemendur skipuleggja eigið nám) og samvinna eru lykiltæki í daglegu starfi.

Verkefnin sem unnið er með á borð við grunnþáttapemu eins og Hver er ég?, Piparkökuhús og Betra líf eru dæmi um samþætt verkefni þar sem nemendur vinna á skapandi hátt með fjölbreyttar námsgreinar og lykilhæfni, svo sem ritun, tjáningu, sköpun, stærðfræði, samfélagsfræði og upplýsingatækni. Þannig læra nemendur að vinna verkefni frá hugmynd að lokaafurð og tengja saman hug og hönd. Áhersla er lögð á að nám eigi sér stað í samhengi og að nemendur fái að þjálfa gagnrýna hugsun, sjálfstæði og samvinnu.

Í gegnum leiðsagnarnám og virka þátttöku nemenda í mati á eigin námi styrkist hæfni nemenda til að setja sér markmið og átta sig á styrkleikum sínum. Með verkdagbókum, sjálfsmati og umræðum um árangursviðmið er lagður grunnur að ígrundun, ábyrgð nemenda á eigin námi og jákvæðu námsumhverfi.

Kennslan endurspeglar þannig áherslur aðalnámskrár á læsi, sköpun, heilbrigði og velferð, auk virkrar þátttöku nemenda í eigin námi

Hér er tengill á Námsvísa grunnskólans: [Námsvísar](#) | [Auðarskóli](#)

B	Kennsla í vetur gekk þokkalega, kennarar studdust við námsvísinn í þemaverkefnum en að öðru leyti höfðu þeir nokkuð frjálsar hendur varðandi námsefni og kennsluaðferðir. Næst á dagskrá er að innleiða betur og nýta Askinn sem námsumhverfi nemenda og kennara. Lögð verður áhersla á að veita foreldrum betri og meiri upplýsingar um námsumhverfi nemenda m.a. með kennslu á Askinn. Skólanámskrá grunnskólans er í uppfærslu og vinnslu og verður henni gerð enn betri og meiri skil í haust og kynnt foreldrum. Það kallar á vinnu allra kennara sem og stjórnenda. Stefnt er að því að ný uppfærð skólanámskrá verði tekin í gagníð í upphafi næsta skólaárs.
---	--

LEIÐSAGNARNÁM

Leiðsagnarnám (líka kallað leiðsagnarmat) byggir á markmiðum og viðmiðum um árangur sem sett eru af kennara eða í samstarfi kennara og nemenda. Nemandinn og kennarinn meta í sameiningu hvort að verkefni sem nemandinn vinnur uppfylli það viðmið sem sett hefur verið. Leiðsagnarnám byggir m.a. á endurgjöf til nemenda sem fer fram um leið og nám á sér stað. Það felur í sér skýr viðmið og markmið með náminu og nemendur vita til hvers er ætlast af þeim. Viðmið um árangur eru notuð til að segja nemanda hvað hann þurfi að gera til að uppfylla markmið verkefna. Hvort viðmið um árangur hafi gengið eftir getur verið metið af nemendunum sjálfum, með námsfélaga, með kennara og/eða forráðamönnum. Leiðsagnarnám felur í sér ígrundun og samtöl þar sem nemendur eða nemendahópar ígrunda hvort viðmið um árangur hafi náðst eða á milli kennara og nemanda í ígrundunarsamtali.

Öll verkefni í Auðarskóla byggja á ákvörðunum um nám sem byggja á Námsvísi skólans. Verkefni eru fjölbreytt og fela í sér fjöldann allan af sjálfsmats- og ígrundunarverkefnum. Stóru grunnþáttapemun fela öll í sér ákveðna niðurstöðu sem nemendur kynna í nemendastýrðu foreldraviðtali eða á meðal samnemenda og stundum á stærri viðburðum (t.d. ráðstefnum eða opnum fundum).

B	Áherslur tókust að mestu og náðist góður árangur við vinnu á þessum áherslum með aðstoð og ráðgjöf frá starfsmanni skólaþjónustu Ásgarðs. Innleiðing á þessum áherslum tekur tíma og getur tekið allt að fimm árum þar til við getum sagt að innleiðingu sé lokið. Áfram verður unnið með þessa þætti á næsta ári og á verður einnig bætt í en mikilvægt er að gleyma ekki því sem hefur verið lagt inn hingað til. Námsmatsstefna er í vinnslu og stefnt er að hún verði tilbúin fyrir næsta skólaár. Helst í hendur við gerð skólanámskrár.
---	---

TEYMISKENNSLA

Teymiskennsla byggir á samvinnu. Teymiskennsla felur í sér tvo eða fleiri kennara/starfsmenn sem skipuleggja, framkvæma og meta nám fyrir fjölbreyttan nemendahóp þar sem sveigjanleiki og námsaðlögun á sér stað eftir þörfum. Hvert teymi tekur sameiginlega ábyrgð á kennslu nemenda og notar til þess fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir. Meðlimir teymis deila reynslu og nýta styrkleika hvers og eins til að hámarka árangur nemenda og til að verða sjálfir betri fagmenn. Auðarskóli er teymiskennsluskóli með þrjú starfandi umsjónarteymi kennara sem bera sameiginlega ábyrgð á námi og velferð námshópa. Teymin eru:

- Yngsta stigsteymi: 1.–3. bekkur og 4.-5.bekkur, kennt í tveimur námshópum.
- Miðstigsteymi: 6.–7. bekkur
- Unglingastigsteymi: 8.–10. bekkur.

Í þeirri skólastærð sem Auðarskóli er hefur sýnt sig að kenna nemendum í teymum hefur ýmsa kosti. Það eykur sveigjanleika til einstaklingsmiðaðnáms og ýtir undir fjölbreyttari kennsluhætti, fremur en að vera með fámenna bekkjarhópa eða tvo árganga í samkennslu. Það bíður einnig upp á aukið faglegt samtal á milli kennara.

Markmið með teymiskennslu eru að:

- Efla samvinnu kennara
- Auka við fjölbreytta kennsluhætti
- Fjölga tækifærum til samþættingar og þemaverkefna
- Efla hæfnimiðað nám
- Aukin einstaklingsmiðun
- Betri nýting á sérfræðipækkingu sérkennara
- Aukin samvinna nemenda
- Aukin félagsfærni nemenda
- Samábyrgð kennara á námi nemenda
- Vænleg starfsskilyrði og aukin fagmennska
- Gagnrýni og endurmat
- Samræmdara námsmat

B

Kennarar og starfsfólk vann í mismunandi teymum í vetur. Betri samvinna náðist í ár en undanfarin ár. Í haust var lagt upp með sameiginlegan fundatíma kennara og stuðningsfulltrúa í stundatöflu svo allir höfðu góðan tíma til samráðs. Stuðningsfulltrúar voru einnig boðaðir á mikilvæga fundi varðandi nám og kennslu svo allir höfðu sömu upplýsingar.

VALGREINAR

Val í námi er hluti af skólastefnu hvers sveitarfélags og skóla. Við ákvörðun um framboð og fjölbreytni valgreina er mikilvægt að taka mið af staðháttum, menningu og sögu nærsamfélagsins.

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla skal nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar til allt að fimmtungi námstímans en skólar geta skipulagt mismunandi hlutfall valgreina eftir árgöngum og skal slíkt koma fram í árlegri starfsáætlun.

Tilgangurinn með valfrelsi nemenda á unglingastigi er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa. Val í námi skal miða að skipulegum undirbúningi fyrir nám í framhaldsskóla og taka mið af undirbúningi fyrir bóknám, starfsmenntun, verknám og list- og tækninám. Í þessu skyni gefst nemendum kostur á að dýpka þekkingu sína á þeim námssviðum eða innan lögboðinna námsgreina.

Smiðjuhelgarnar sem eru haldnar tvisvar sinnum á skólaári í samvinnu við aðra skóla á Vesturlandi hafa gert okkur kleyft að bjóða uppá mun fleiri greinar en við gætum annars boðið uppá. Smiðjuhelgarnar er hluti af skólastarfinu og eykur mjög fjölbreytni námsvals nemenda. Stundatafla unglinganna er einni kennslustund styttri en lögboðið er og bætir smiðjuhelgin þeim þann tíma upp. Alltaf er leitað eftir hugmyndum að smiðjum til nemenda og oft hefur fengist fólk úr nærumhverfinu til að vera með smiðjur. Nemendur velja sig inn í ákveðnar smiðjur og vinna í þeim undir leiðsögn kennara. Vinna nemenda er metin til einkunnar.

5.-6. október var fyrri smiðjuhelgin og í boði var:

- Körfubolti
- Járnsmiði

- DJ smíðja
- Förðun
- Spil

28.-29. mars verður seinni smíðjuhelgin og í boði var:

- Björgunarsveit
- Landmælingar
- Brídds
- Söngur og leiklist
- Bifvélavirkjun
- Píla

Eftir standa fjórar kennslustundir á viku sem fer í valgreinar á unglingastigi. Á miðvikudögum er myndmennt, heimilisfræði og leiklist. Skólaárinu er skipt upp í þrjár lotur og því hafa nemendur tækifæri til að prufa allar stöðvar á skólaárinu eða velja alltaf það sama sé það í áhugasviði viðkomandi.

Á þriðjudögum eru einnig tveir val tímar þar og reynt að bjóða uppá fjölbreyttara val. Í þessum tímum er valið í boði fyrir nemendur í 5.-10. bekk. Á þessu skólaári verður boðið uppá

- D&D spil
- Heimilisfræði
- Myndmennt
- Líkamsrækt
- Föndur
- Smíði
- Spil

Nemendur velja sig á stöð og vinna á henni í fimm skipti í röð og síðan er valið aftur. Til að gæta jafnræðis er ákveðin regla á því hver velur fyrst því eins og gefur að skilja er takmarkað pláss á stöðvunum. Allir fá tækifæri til þess að velja sína uppáhaldsstöð. Námsmat fer fram í askinum. Á þessum stöðvum er mikið lagt upp úr sjálfsstæðum vinnubrögðum og lykilhæfni.

B	Val kennsla í vetur gekk vel, hægt var að bjóða uppá mismunandi stöðvar. Viljum geta bætt inn á næsta skólaári meiri verkgreinum eins og smíði. Smíðjuhelgarnar voru vel heppnaðar og unglingar ánægðir með fyrirkomulag þeirra.
---	--

HELSTU VIÐBURÐIR SKÓLAÁRSINS OG VETTVANGSFERÐIR

Skólinn hefur þá stefnu að hafa útivist og vettvangsferðir sem hluta af námi nemenda. Í þessum ferðalögum/námsferðum gilda skólareglur og ber nemendum að fara eftir fyrirmælum fararstjóra í hvívetna. Farið er bæði í stuttar og langar ferðir yfir starfsárið, gönguferðir í nágrenni skólans, ferðir innan héraðs með skólabíl og að vori er gjarnan farið í nokkuð lengri ferðir. Á skólaárinu er stefnt að því að fara í fjöruferðir, í náttúruskoðun, safnaferðir, skíðaferð, heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir o.fl. [Hér](#) má sjá skóladagatal 2024-2025 þar sem allir helstu viðburðir eru skráðir inn.

SKÓLABÚÐIR 7. OG 9. BEKKJA

Nemendur 7. bekkjar fara í skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði í eina kennsluviku (5.-8. febrúar) þar er lögð áhersla á náttúruna og hefðbundin sveitastörf. Nemendur 9. bekkjar fara í skólabúðir í Vindáshlíð 9.-13. september. Þar er lögð er áhersla á hópefli og lífsleikni.

A	Gekk eftir.
---	-------------

UPPLESTRARKEPPNI

Upplestrarkeppni 7. bekkjar fer fram eftir áramót í tengslum við *Stóru upplestrarkeppnina* sem er haldin á landsvísu. Sigurvegarar hennar taka þátt í Vesturlandskeppni *Stóru upplestrarkeppninnar*. Tveir fulltrúar skólans og einn til vara. Innhússkeppnin fer fram 10. mars og aðalkeppnin fer fram 19. mars á Varmalandi.

A	Gekk eftir. Mikilvægt að byrja æfa tímanlega fyrir upplestrarkeppnina.
---	--

SMIÐJUHELGAR

Sem hluti af vali eru nemendur 8.–10. bekkja með skerta stundatöflu. Til þess að uppfylla kröfur um 37 stunda tíma viðmið hefur verið farin sú leið að vera með svokallaðar smiðjuhelgar tvisvar sinnum á vetri. Skipuleggjendur *Smiðjuhelga* er í höndum stjórnenda og starfsmanna Grunnskóla Borgarfjarðar. Fyrri helgin er í október á Kleppjárnsreykjum og seinni í apríl á Varmalandi. Nemendur 8.–10. bekkja fara eftir skóla að lokinni kennslu á föstudegi, vinna í smiðjum frá kl. 14.30–18.00, fá kvöldmat og gista í skólanum. Á laugardegi er unnið frá kl. 9.00–14.00. Nemendur fara á milli með rútu, fram og til baka. Undanfarna vetur hafa nemendur frá Grunnskóla Borgarfjarðar, Reykhólaskóla og Auðarskóla komið og tekið þátt í smiðjuhelgi. Dagskrá smiðjuhelga getur verið fjölbreytt á milli ára og geta nemendur haft áhrif á framboð valgreina. Dagskrá er send út með tveggja vikna fyrirvara. Skyldumæting er á Smiðjuhelgar. Smiðjuhelgar fara fram 4. og 5. október og 28. og 29. mars.

A	Gekk eftir.
---	-------------

MIÐSTIGSLEIKAR

Í samvinnu við samstarfsskólanna okkar eru miðstigsleikar haldnir á hverju hausti í Borgarnesi og Auðarskóli hefur tekið þátt þar á hverju ári. Þar spreyta nemendur sig á ýmsum greinum frjálsra íþróttanna sem og keppni er haldin í fótbolta. Miðstigsleikar fara fram 5. september í Borgarnesi.

A	Gekk eftir.
---	-------------

KAFFIHÚSAKVÖLD

Kaffihúsakvöld er fastur liður í starfi Auðarskóla. Kaffihúsakvöldið er skemmtikvöld, haldið í Dalabúð, og stendur yfir í um 2 klst. Það hefst kl. 17 og stendur því til kl. 19.

Umsjónarkennarar mið- og elsta stigs hafa yfirumsjón með skipulaginu og þeir verkstýra nemendum á undirbúningstíma. Nemendur í 5.-10. bekk sjá um skipulagningu, dagskrá og skemmtiatriði, miðasölu, bera fram veitingar, útbúa auglýsingar, safna happdrættismiðum, standa í miðaslu og annað sem gera þarf fyrir viðburðinn. Gestir fá veitingar á viðburðinum sem eru kakó og kökur og sjá nemendur um þjóna til borðs.

Atriði á skemmtidagskrá geta verið: Leikir, stutt leikrit, brandarar, töfrabrögð, tónlistaratriði og fleira sem nemendum dettur í hug sem góð skemmtun fyrir alla.

Seinni hluti kaffihúsakvöldsins er happdrætti. Nemendur safna happdrættisvinningum vikunnar á undan, sjá um að vinningar berist í hús, útbúa happdrættismiða og selja þá.

Nemendur fá mismunandi hlutverk í undirbúningi kaffihúsakvöldsins. Hægt er að velja um ýmis hlutverk/verkefni og sumir velja að vera í fleira en einu hlutverki:

- Að útbúa og stýra skemmtiatriði
- Að safna happdrættisvinningum
- Að vera kynnar
- Selja inn
- Að stýra öllum tækniatriðum, ljósum og hljóði
- Að þjóna í sal
- Að útbúa sviðsmyndir og sinna sviðsvinnu á viðburði

Viðburður er ávallt vel sóttur og allur ágóði fer í ferðasjóð nemenda. Kaffihúsakvöldið fer fram miðvikudaginn 20. nóvember.

A	Gekk eftir. Fór vel fram. Gott skipulag. Nemendur stóðu sig frábærlega.
---	---

DANSKENNSLA

Danskennsla hefst 21. nóvember og lýkur með danssýningu í Dalabúð 29. nóvember kl 12 til 13.

Danskennari er Jón Pétur Úlfjótsson kennir öllum nemendum grunnskólans og börnum á eldri deild leikskólans.

Á meðan danskennsla fer fram fellur niður íþróttakennsla í Dalabúð. Þess í stað eru íþróttir kenndar utandyra, ef veður leyfir, eða innandyra í grunnskólanum.

Á danssýningardegi fá nemendur í grunnskólanum auka snarl í kringum 11 leytið og skólabílar aka heim kl. 13:10 að lokinni sýningu.

A	Gekk eftir.
---	-------------

VETRARFRÍSDAGAR

Vetrarfrísdagur í ár verða dagana 4. nóvember til 8. nóvember á haustönn og 10. febrúar á vorönn.

SKÍÐAFERÐIR

Farið verður í skíðaferðir með alla nemendur. 1.-4. fer í dagsferð á gönguskíði á svæði Skíðafélags Strandamanna í Selárdal á Ströndum og mið- og elstastig fer í tveggja daga ferð á Tindastól ef verður leyfir. 11.-13. mars með fyrirvara um breytingar.

A	Gekk eftir.
---	-------------

ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð grunnskólans er einnig fastur liður á vorönn. Þá skipuleggur hvert stig eða námshópur 15-20 mínútna leikþátt með aðstoð kennara og sýnir á sviði í Dalabúð. Árshátíðin er liður í fjáröflun fyrir nemendafélag skólans og vorferðir nemenda því er tekið lítið gjald af gestum sem koma og horfa á sýninguna. Árshátíð 2025 verður 10. apríl.

Árshátíð er veigamikill þáttur í námi og er skilgreind sem námslota. Allir nemendur fá hlutverk og sinna mismunandi þáttum í ferlinu. Vinna nemenda og virkni er metið í námsumsjónarkerfinu learncove-Askinum.

A	Gekk eftir og fór vel fram. Flott atriði, vel æfð, mátuleg að lengd. Allir nemendur stóðu sig glimrandi vel.
---	--

VORFERÐALÖG

Skólinn fer í ferðir með öll stig grunnskólans að vori. Yngsta og miðstig fara í dagsferðir frá Auðarskóla og koma aftur heim seinnipart dags. Elsta stig fer í lengri ferð og gistir vanalega í eina nótt. Þegar elsta stig fer til Danmerkur(á þriggja ára fresti) fer elsta stig ekki í vorferðalag í maí.

A	Gekk eftir.
---	-------------

NÁMSMAT

Námsmat Auðarskóla fylgir aðalnámskrá grunnskóla um mat á hæfni og framförum nemenda og er unnið eftir aðferðum leiðsagnarmats. Megintilgangur námsmats er að kanna stöðu nemenda og leiðbeina þeim um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess.

Námsmat í Auðarskóla byggir á hæfnimiðuðu námi í anda aðalnámskrár grunnskóla og miðar að því að styðja við nám og vöxt hvers og eins nemanda. Í skólanum er lögð áhersla á leiðsagnarmat sem felur í

sér að nemendur fái reglulega og uppbyggilega endurgjöf sem veitir innsýn í stöðu þeirra og styður við næstu skref í námi.

Megintilgangur námsmats er að greina stöðu nemenda, fylgjast með framförum þeirra og leiðbeina þeim um hvernig þeir geti náð betur settum markmiðum. Námsmat á að vera gagnvirkt, skiljanlegt og gagnlegt fyrir nemendur, foreldra og kennara. Við námsmat er tekið mið af hæfniviðmiðum sem verkefni byggja á og viðmiðum um árangur sem gera væntingar og markmið námsins skýr.

Kennarar bera ábyrgð á að skrá námsmat í Askinn eða Mentor, þar sem einnig eru aðgengilegar verkefnalýsingar, hæfniviðmið og viðmið um árangur. Þegar verkefnum er skilað er mikilvægt að nemendur fái endurgjöf sem fyrst, svo hún nýtist sem best til að efla nám og skilning þeirra á eigin færni.

Í námsferlinu fá nemendur tækifæri til að taka virkan þátt í mati á eigin námi, meðal annars með sjálfsmati, verkdagbókum og samtölum við kennara. Þannig þróa þeir með sér hæfni til að setja sér markmið, ígrunda eigið nám og bera ábyrgð á eigin framförum.

Við lok 10. bekkjar fer fram mat á hæfni nemenda á þeim tímapunkti. Nemendur sýna hæfni sína í að uppfylla námsmarkmið við lok grunnskóla eins og þau birtast í Aðalnámskrá grunnskóla. Fram að þeim tíma hafa nemendur undirbúið sig í því að ná markmiðum sem eru vel skilgreind í öllum faggreinum, í gegnum verkefni, mat á hæfniviðmiðum og meðfylgjandi viðmiðum um árangur.

Nemendur sem ljúka 10. bekk fá lokamat sem er gefið í bókstöfum A-D. Sjá má hvaða kröfur eru gerðar til hvers bókstafs með því að skoða faggreinar á adalnamskra.is.

Nýverið komu út leiðbeinandi matsviðmið við lok 4. og 7. bekkjar í öllum faggreinum að auki. Þau eru ekki endilega ætluð til að gefa einkunn á þeim tímapunktum heldur eru leiðsögn um hvaða hæfni nemendur eiga að hafa náð við lok þeirra skólastiga.

B	Gekk eftir að mestu. Kennarar þurfa að fókusa á ný námsviðmið skv. Aðalnámskrá grunnskóla og þjálf sig í að beita þeim. Kennarar þurfa aukna þjálfun í að nota Askinn sem námsumhverfi. Hvað á að meta og hvernig er metið svo að gagnist nemanda og skili árangri er stóra viðfangsefnið. Í bígerð er námsmatsstefna sem stefnt er að verði tilbúin fyrir næsta skólaár.
---	---

HEIMANÁM

MARKMIÐ MEÐ HEIMANÁMI

Í Auðarskóla er lögð áhersla á að heimanám sé hóflegt og þjóni fernum tilgangi:

1. Að nemandinn fái verkefni sem ætlað er að festa námsatriði í minni (upprifjun).
2. Að nemandinn fái verkefni sem undirbúa önnur sem lögð verða fyrir í kennslustund.
3. Að nemandanum sé ætlað að ljúka verkefni sem honum tókst ekki í kennslustund.
4. Að nemandinn fari með verkefni heim til sín til að sýna foreldrum og veita þeim þannig tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna.

Eðlilegt er að skóli og heimili hafi jákvæð samskipti um heimanám og foreldrar ráðgist við kennara um umfangið – hvort heldur sem þeim finnst það of mikið eða lítið.

Í Aðalnámskrá grunnskóla kemur skýrt fram að foreldrar og forráðamenn beri frumábyrgð á uppeldi barna sinna en jafnframt stendur þar að þeir þrír hópar sem mynda skólasamfélagið (nemendur, starfsfólk skólans og foreldrar) vinni vel saman. Mikilvægt er að foreldrar styðji við nám og vinnu barna sinna og gert er ráð fyrir að lestrarfærni sé þjálfuð heima daglega eins lengi og þörf er á. Um annað heimanám gildir sú meginregla að þar sem nemendur eru ólíkir þá beri að koma til móts við námsparfir þeirra á forsendum hvers og eins. Heimanám er hluti af námi nemandans og er í öllum tilfellum tekið inn í námsmat.

A	Gekk eftir.
---	-------------

NÁMSÁETLANIR OG HEIMALESTUR

Námsáætlanir eru sendar heim og/eða settar inn á Mentor og á ASKINN. Á vikuáætlunum kemur fram áætluð vinna nemenda, heimanám, ýmsar upplýsingar og tilkynningar. Foreldrar hafa aðgang að námsáætlunum á Mentor og á ASKINUM:

Til að byrjendur nái góðum árangri í lestri er mjög mikilvægt að lesa upphátt heima alla virka daga (raddlestur). Við upphaf lestrarnáms er góð regla að lesa hverja blaðsíðu að minnsta kosti tvisvar sinnum. Slík þjálfun gefur barninu aukna færni í lestri orðmynda, auk þess sem lesturinn verður oftast þjálli þegar sami texti er lesinn öðru sinni. Lesið er í áheyrn fullorðins og kvittað er fyrir áheyrn í þar til gerð kvittanahefti. Áhersla er lögð á að nemendur fái efni við hæfi svo að lesturinn verði sem ánægjulegastur. Að lesa fyrir börn er góður grunnur fyrir allt nám. Foreldrar eru hvattir til að lesa áfram upphátt fyrir börn sín, jafnvel þó þau séu sjálf farin að lesa. Flest börn ráða einungis við mjög léttan texta í byrjun, en hafa þörf fyrir að vinna með flóknari texta sem fellur betur að þroska þeirra og áhuga. Lestur foreldra og umfjöllun um textann, eykur orðaforða barnanna og bætir málþroska, en góður málþroski er einmitt einn af grunnþáttum alls náms líkt og lesa má um í læsisstefnu Auðarskóla. Læsisstefna Auðarskóla er að finna á heimasíðu Auðarskóla https://audarskoli.dalir.is/wp-content/uploads/2022/08/laesisstefna_audarskola_6.mars2020.pdf

B	Gekk eftir að mestu. Til umræðu er að nemendur fái tækifæri til taka með sér námsefni heim til þess að sýna foreldrum og þá gætu foreldrar fengið meiri innsýn inn í það sem börn þeirra eru að fást við í skólanum. Það þarf að auka sýnileikann á því sem skólastarfið gengur út á og það sem nemendur eru að fast við. Foreldrar óska eftir því að fá meiri upplýsingar um námslega stöðu barna þeirra. Markmiðið er að uppfæra skólanámskrá, námsmatsstefnu og bæta kennslu og fræðslu til foreldra um kennsluhætti, námsumhverfið og námsmat.
---	--

NEMENDAFÉLAGIÐ

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla skal nemendafélag í grunnskólum m.a. vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Stjórn nemendafélagsins er skipuð nemendum úr elstu bekkjum skólans. Nemendur ákveða sjálfir með hvaða hætti er skipað í stjórn.

Stjórn nemendafélags Auðarskóla skólaárið 2024-2025

- Formaður: Alexandra Agla Jónsdóttir
- Fulltrúar 10. b.: Alexandra Agla Jónsdóttir og Þórarinn Páll Þórarinnsson. Jón Lévi Dalkvist og Viktor Bjarni Arnarsson til vara.
- Fulltrúar 9. b.: Daldís Ronja Jensdóttir og Guðmundur Sören Vilhjálmsón. Ísabella Rós Guðmundsdóttir og Telma Karen Svavarsdóttir til vara.
- Fulltrúar 8. b.: Aðalheiður Rós Unnsteinsdóttir og Lauga Björg Eggertsdóttir. Bryndís Mjöll Guðmundsdóttir og Kristján Þorgils Sigurðsson til vara.

Umsjónarmenn félagslífsins: Atli Freyr Guðmundsson og Svanhvít Lilja Viðarsdóttir umsjónarkennarar elsta stigs.

Nemendafélagið fundaði í haust á svokölluðum samráðsfundi allra nemendafélaga í samstarfsskólunum hér á Vesturlandi. Fundurinn fór fram í Auðarskóla og settu nemendur fram tillögur að bættri þátttöku á viðburðum á vegum nemendafélaganna. Fundurinn gekk vel og til stendur að halda þessu fyrirkomulagi áfram á næstu skólaárum. Það er mikilvægt fyrir þessa nemendur sem eru í forsvari fyrir sinn skóla að hittast og ræða um hvað er hægt að gera, það þarf ekki alltaf að gera eins og alltaf hefur verið gert.

A

Gekk eftir. Rými við stofu 10 nýtt til fundarhalda. Allar fundargerðir prentaðar út og eru aðgengilegar nemendum og öðru starfsfólki. Deildarstjóri sá um samvinnu nemendafélagið. Öflugt starf félagsins skilar sér í bættum skólabrag. Nemendur virkir og duglegir að koma á framfæri sjónarmiðum sínum.

FÉLAGSSTARF

SKIPTING FÉLAGSLÍFSINS

Félagslífið skiptist í meginráttum í tvennt. Annarsvegar er um að ræða félagslíf sem umsjónarkennarar skipuleggja og getur það verið bekkjarkvöld, árshátíð og námsvöku eldri nemenda. Hinsvegar er það félagslífið sem nemendafélagið stendur fyrir undir stjórn umsjónarmanns skólans og eru það diskótek, fjáraflanir ýmisskonar, kynningar, kaffihúsakvöld og fl..

HLUTVERK UMSJÓNARAÐILA FÉLAGSLÍFS

Umsjónarmaður félagslífsins heldur utan um starfsemi nemendafélagsins og á reglulega samskipti við umsjónarkennara um starfsemi félagsins. Hann vinnur undir stjórn skólastjóra. Umsjónarmaður fundar reglulega með stjórn félagsins og vinnur með þeim að uppákomum og skipulagi á félagslífi skólans. Hann hefur umsjón með dansleikjum, atburðum og einstaka ferðum á vegum skólans.

HELSTU ATBURÐIR Í FÉLAGSLÍFI NEMENDA

- ▶Safnanir fyrir ferðalög
- ▶Kaffihúsakvöld á aðventu í Dalabúð
hvert ár er farið erlendis)
- ▶Skólabúðir samstarfsskóla í 7. bekk á Reykjum
- ▶Skólabúðir samstarfsskóla í 9. bekk á Laugarvatni
- ▶Miðstigsleikar í Borgarnesi
- ▶Dansleikur fyrir miðstig
- ▶Lokaferðalag eldri nemenda (þriðja
- ▶Árshátíð
- ▶Bekkjarkvöld

A	Gekk eftir.
---	-------------

8. LEIKSKÓLI

Skóladagatal, dagskipulag og aðrar hagnýtar upplýsingar er að finna í foreldrahandbók leikskólans og á heimasíðu Auðarskóla – LEIKSKÓLINN.

ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI 2024-2025

- Ráðgjöf skólaþjónustu Ásgarðs
- Námsvísar leikskólans
- Stöðugleiki í starfsmannahaldi
- Þróa samþættingu lotubundinna þema miðað við námsvísa
- Lausnateymi-innleiðing og verklag

SKÓLADAGUR NEMENDA LEIKSKÓLANS

Foreldrar leikskólabarna geta valið vistunartíma fyrir börnin sín á tímabilinu 7.45 til 16.15. Milli kl. 7.45 og 8.00 er móttaka fyrir börn sem nýta sér náðarkorter á undan vistunartíma. Morgunverður er framborinn á milli kl. 8.00 og 8.45. Ávaxtahressing er um miðjan morgun. Útivist allra leikskólabarna fer fram fyrir hádegi á milli kl. 10.15 og 11.30. Hádegismatur er á milli kl. 11.15 og kl. 12.15. Yngstu börnin sofa eftir hádegismat á meðan eldri börnin fást við margskonar viðfangsefni. Útivist fer einnig fram eftir hádegi. Síðdegishressing er framreidd kl. 14.30. Leikskólabörn sem nýta sér skólabíla ljúka deginum kl. 14.00 á mánudögum, kl. 15.00 á þriðjudögum til fimmtudaga, en kl. 12.00 á föstudögum. Opnunartími leikskólans tók breytingum 8. desember 2023. Opnunartíminn breyttist á föstudögum og er leikskólinn eftirleiðis opinn til kl. 14:00 á föstudögum en aðra daga til kl. 16:30.

DAGSKIPULAG LEIKSKÓLA AUÐARSKÓLA

Kl. 7.45 - Leikskólinn opnar
Kl. 7.45 – 8.00 Róleg stund
Kl. 8.00 – 8.45 Morgunmatur
Kl. 8.45 – 10.00 Hópastarf / Ávaxtastund
Kl.10.00 – 11.30 Hópastarf / Útivist
Kl.11.30 – 12.00 Hádegismatur
Kl.12.00 – 13.00 Svefn / Samverustundir
Kl.13.00 – 15.00 Svefn / Útivist / Hópastarf
Kl.14.30 – 15.00 Síðdegishressing
Kl.15.00 – 16.30 Frjáls leikur / Útivist
Kl.16.30 - Leikskólinn lokar

A

Gekk eftir. Farið að mestu eftir dagskipulagi. Helst brugðið út af þegar veður bauð ekki upp á útivist.

LYKILVIÐMIÐ STARFSFÓLK

Með börnum:

- Við tölum við börnin í þeirra hæð og erum í augnsambandi við þau.
- Við gefum barni tækifæri á að gera sjálf það sem það hefur hæfni til.
- Við mætum börnunum af nærgætni í samskiptum og tölum ekki niður til þeirra.
- Við tökum vel á móti börnunum að morgni og komum til móts við þarfir þeirra.
- Við sitjum og leikum með barninu á gólfinu og veitum því athygli.
- Við notum hlýlega rödd í samskiptum við börnin.
- Við veitum börnum öryggi með reglulegri og hlýlegri líkamssnertingu.
- Við mætum tilfinningum sem koma upp; mismunandi tilfinningar eiga rétt á sér.
- Við hvetjum börn til að virða hvert annað í daglegum samskiptum.
- Við mætum öllum margbreytileika einstaklinga.

Sín á milli:

- Starfsfólk mætir ávallt hvert öðru með opnum hug og samstarfsvilja.
- Starfsfólk samhæfir reglur og vinnubrögð sín.
- Starfsfólk ber virðingu fyrir vinnustað sínum og starfsfélögum.
- Starfsfólk hrósar hvert öðru, styður og byggir upp (enginn vex af vantrausti).

B	Lykilviðmið er góður leiðarvísir fyrir starfsfólk. Það er mikilvægt að starfsfólk noti viðmiðin í starfi og tileinki sér þau vinnubrögð sem þarf. Stjórnendur munu nýta sér þau til að meta starfið m.a. í starfsþróunarsamtölum. Einnig þarf að halda þeim betur að starfsfólki og sjá til þess að þau séu öllum ljós.
---	---

FORELDRAHANDBÓK

Foreldrahandbók leikskóla Auðarskóla veitir foreldrum upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans. Góð samvinna starfsmanna leikskólans og foreldra er grunnur að velferð barnsins og þannig fær barnið notið leikskóladvalarinnar eins og kostur er. Handbókin er góður leiðarvísir þar sem allar mikilvægustu upplýsingarnar komi fram um starfsemi leikskólans og er hana að finna á heimasíðu skólans, <https://audarskoli.dalir.is/audarskoli/leikskoli/foreldrahandbok-2/>

A	Gekk eftir. Bæði lykilviðmið og foreldrahandbókin eru gagnleg í skólastarfinu. Foreldrahandbókin er uppfærð hvert ár.
---	---

9. SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA

Í Auðarskóla er markvisst samstarf á milli deilda. Leikskólinn og grunnskólinn eiga í nánú samstarfi allt skólaárið. Nemendur í elsta árgangi leikskólans og 1. bekkjar grunnskólans hittast í sameiginlegum kennslustundum, einu sinni í viku, allt skólaárið. Markmið samstarfs deildanna er að tryggja samfellu í námi nemenda og öruggan flutning nemenda milli skólastiga. Að hausti eru kennslustundir skipulagðar og er markmiðið m.a. að börnin kynnist umhverfi skólans og öðlist öryggi á nýjum vettvangi en einnig að börnin viðhaldi vinatengslum sem áður var til stofnað.

Einnig koma nemendur 7. bekkjar og lesa fyrir nemendur leikskólans í sérstökum stundum, einu sinni í viku hver nemandi, og hefjast þær stundir yfirleitt upp úr Degi íslenskrar tungu. Það er talið vera góður undirbúningur fyrir „Stóru upplestrarkeppnina“.

Í nóvember fara tveir elstu árgangar leikskólans í danskennslu sem er einnig í boði alla nemendur grunnskólans. Kennslan stendur yfir í sex daga samfellt, eina kennslustund á dag, sem endar með danssýningu á lokadegi.

A

Gekk eftir. Samstarf leikskóla og íþróttakennara varðandi sundtíma að vori. Aðlögun elsta árgangsins að grunnskólastarfi: Sundtímar: Fjögur skipti, 12.-15. maí kl. 12:10. Hádegismatur í Dalabúð í maí mánuði. Elsti árgangur einu sinni í viku í heimsókn í grunnskólann; samvinna umsjónarkennara 1.-3.b og starfsfólks leikskóla.

Nemendur 7. b lásu fyrir leikskólabörn á undirbúningstíma upplestrarkeppninnar.

ÁHERSLUR 2024-2025

- Samskipti við foreldra-Foreldrasamtöl
- Námsmat
- Skipulag kennslu
- Framkvæmdir á húsnæði

B	Gekk að mestu eftir. Skipulag kennslu: Tvenniskonar skipulag kennslu var reynt á árinu, líkt og áður hefur verið gert. Skipulag kennslu á fyrri önn: Flæðandi tímar, flæðandi stundaskrá. Flestir nemenda voru í breytilegum tímum á rúllandi tímasetningum. Tveir til fjórir nemendur í hverri rúllu. Dæmi: Nemandi 1 mætir kl. 9:10 á þriðjudegi í fyrstu viku, næstu viku á eftir er nemandi 2 kl. 9:10 o.s.frv. Nemandi 1 mætir kl. 9:40 í viku 2, í þriðju viku kl. 10:10 ef t.d. þrír nemendur eru saman í rúllu. Og svo endurtekur rúllan. Skipulagið var í sjálfu sér gott en það reynist hvorki nemendum vel né kennurum/starfsfólki. Erfitt er fyrir nemendur að halda utan um hvenær þeir eigi að mæta og það er einnig töluverð vinna fyrir starfsfólk tónlistarskólans og grunnskólans að halda utan um slíkt skipulag. Skipulag á seinni önn: Allar tónlistarkennslustundir festar þannig að hver nemandi er með fastan tíma í stundatöflu í hverri viku. Það gerði það að verkum að líkur minnkuðu til muna að nemandi gæti gleymt sér og misst af tíma. Skilvirknin varð umtalsvert betri í kerfinu fyrir alla. Flækjustigið eftir áramót var að finna hentugasta tímann fyrir hvern nemanda þar sem að stundatafla grunnskólans breyttist á annarskiptunum og list- og verkgreinakennslan jókst. Breyta þurfti nokkrum sinnum stundatöflu tónlistarkennara frá 20. janúar(annarskiptin) vegna þess. Síðust breytingarnar fóru fram í mars. Ljóst er að fastir tímar er lang best fyrir alla. Að því leiðir verður ekki gerð önnur tilraun með að bjóða upp á breytilegar kennslustundir/rúllandi skipulag. Samskipti við foreldra: Gæta þarf þess að foreldrar fái allar og nægar upplýsingar um tónlistarskólastarfið frá upphafi skólaárs. Mikilvægt er að upplýsingar falli ekki á milli. Stjórnandi og kennarar áttu í góðum samskiptum varðandi upplýsingaflæði og skipulögðu samskiptin með góðum fyrirvara í flestum tilfellum. Námsmat: Námsmat mætti vera skýrara og mikilvægt að formgera það betur. Námsmatið fer fram yfir önnina og er lokaáfanginn flutningur á tónleikum. Framkvæmdir á húsnæði: Í lok desember og byrjun janúar var farið í framkvæmdir á húsnæði tónlistarskólans. Í þremur rýmum var skipt um gólfefni, dúkur fjarlægður, gólf flotuð og teppaflísar lagðar. Veggir málaðir í sömu rýmum og settar upp hljóðvistarplötur. Framkvæmdum fylgdi töluvert umstang. Frágangur reyndist tímafrekur. Færa þurfti húsgögn og kennslubúnað til. Tækifæri gafst til að grísa gamalt efni frá nýtilegu. Litlu sem engu hent. Eldra tónlistarfólk hefur sýnt því áhuga að fara í gegnum gamalt efni. Mögulega verður eitthvað af því sent á héraðsskjalasafnið. Eignaskrá var stofnuð, eignir skráðar, innanstokksmunir, eignir og hljóðfæri merkt tónlistarskólanum. Eignaskrá afhent stjórnsýslu í lok apríl.
---	--

SKÓLADAGATAL TÓNLISTARSKÓLANS

Skóladagatal tónlistarskólans fylgir dagatali grunnskólans. Frídagar og undirbúningsdagar grunnskólans eru hinir sömu og í starfi tónlistarskólans. Dagatal grunnskólans er [hér](#).

Tónleikadagar á skólaárinu:

25. október: Miðannartónleikar haustönn

14. desember: Jólatónleikar

27. mars: Miðannartónleikar vorönn

30. maí: Vortónleikar

B	Gekk að mestu eftir. Breyta þurfti dagsetningum miðannartónleika vegna annars skipulags á seinni önninni. Mikilvægt er að dagsetningar haldist og verður bætt úr á næsta ári við gerð grunnskóladagatala þannig að ekki þurfi að raska dagsetningum á miðju skólaári. Fyrirsjáanleikinn þarf ávallt að vera til staðar fyrir alla. Á miðannartónleikum vorannar voru gerðar skipulagsbreytingar. Nemandi úr grunnskóla var fenginn til að sinna tæknimálum. Það veitti tónlistarkennurum meiri tækifæri til að halda betur um sína nemendur á meðan á tónleikum stóð.
---	---

MEGINMARKMIÐ

Meginmarkmið fyrir tónlistarnámi skiptast í þrjá flokka: Uppeldisleg markmið, leikni- og skilningsmarkmið og samfélagsleg markmið. Uppeldisleg markmið stuðla að auknum tilfinningaþroska nemenda, listrænum þroska, mótun viðhorfa, samvinnu og ögun. Leikni- og skilningsmarkmið stuðla einkum að aukinni færni og þekkingu nemenda. Samfélagsleg markmið stuðla að þátttöku í fjölbreyttari mennta- og menningarstarfsemi.

Markmið tónlistardeilar Auðarskóla:

- Stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar.
- Búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur
- Stuðla að auknu tónlistarlífi
- Að samþætta tónlistarstarfssemi tónlistardeildar, leikskóla og grunnskóla
- Nota og þróa samþætt kennslufni í tónlistarforskóla, tónmenntakennslu og hljóðfæranámi.

B	Gekk að mestu eftir. Í byrjun apríl fóru tónlistarnemendur í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir í Búðardal. Mini-hljómleikar voru haldnir og gengu þeir vel. Gestir og gangandi ánægðir með viðburð. Nemendur stóðu sig vel. Mikilvægt að halda þessu áfram: Samvinna við grenndarsamfélagið.
---	--

NÁMSFYRIRKOMULAG

Kennsla í tónlistarskólanum fer að mestu fram á skólatíma. Miðað er við að nemendur sem koma með skólabílum stundi tónlistarnám sitt á skólatíma í grunnskólanum, það er frá því að skólabílar koma kl. 8.30 og þar til skólabílar fara kl. 15.10. Nemendur sem eru búsettir í Búðardal geta verið í tímum utan starfstíma skóla en aldrei lengur til klukkan 17.00. Til þess að svo megi verða eru nemendur að jafnaði teknir úr kennslustundum í grunnskólanum en einnig eru notaðar gæslustundir hjá yngstu nemendum. Kennsla í vetur fer að mikluleyti fram í hópkenndu þar sem aðeins einn tónlistarkennari er við störf þennan veturinn.:

B	Fyrsta kennslustundin kl. 8:30 er yfirleitt ekki nýtt nema í undantekningartilfellum. Kennsla hófst kl. 9:00. Kennari 1: Kenndi mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Kennari 2: Kenndi þriðjudaga og miðvikudaga.
---	--

VERKLAGSREGLUR

Á heimasíðu skólans má sjá verklagsreglur fyrir nemendur og starfmenn tónlistarskólans <https://audarskoli.dalir.is/tonskoli/verklagsreglur/>

A	Gekk eftir. Farið eftir verklagsreglum við innritun. Fleiri hefðu viljað vera í 100% námi en ekki hægt að verða við því nema að stöðugildum kennara við skólann fjölgi.
---	---

Ábyrgð og umsjón: Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri Auðarskóla